

## Flokksblaðamennska og orðræða fjölmiðla

Umræða Morgunblaðsins og Þjóðviljans árin 1949-1955 um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin

---

Hera Melgar Aðalheiðardóttir

### HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í fjölmiðlafræði

Félagsvísindadeild

maí 2017

**Flokksblaðamennska og orðræða fjölmiðla**  
Umræða Morgunblaðsins og Þjóðviljans árin 1949-1955 um aðild Íslands að  
Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin

Hera Melgar Aðalheiðardóttir

6.0 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
*Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði*

Leiðbeinandi:  
Sigrún Stefánsdóttir

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2017

Titill: Flokksblaðamennska og orðræða fjölmiðla: Umræða Morgunblaðsins og Þjóðviljans árin 1949-1955 um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn við Bandaríkin  
Stuttur titill: Flokksblaðamennska og orðræða fjölmiðla  
6.0 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í fjölmiðlafræði

Höfundarréttur © 2017 Hera Melgar Aðalheiðardóttir  
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Sólborg, Norðurslóð 2  
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:  
Hera Melgar Aðalheiðardóttir, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 43 bls.

Prentun: Reykjavík, Ísland  
Reykjavík, maí 2017

## Yfirlýsingar

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og  
að það er ágóði eigin rannsókna.

---

Hera Melgar Aðalheiðardóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til  
B.A. prófs í fjölmiðlafræðideild.

---

Sigrún Stefánsdóttir

## Útdráttur

Í ritgerð þessari er fjallað um umræðu Morgunblaðsins og Þjóðviljans á árunum 1949-1955 um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamninginn við Bandaríkin sem gerður var árið 1951. Skoðaðar eru fréttir og leiðarar úr blöðunum og rýnt í frásagnarmáta þeirra af ákveðnum atburðum og ágreiningsmálum. Bækur voru einnig notaðar, einkum við öflun fræðilegra heimilda um fjölmiðla, blöðin tvö, ritstjóra þeirra og stöðu stjórn mála á tímanum sem um ræðir. Leitast er við að svara spurningunni um hvort flokksblaðamennska hafi haft áhrif á frétttaflutning blaðanna af utanríkismálum Íslands á tímabilinu og hvort umfjöllun þeirra hafi verið hlutdræg vegna flokkstengsla blaðanna tveggja.

Mikilvægi hlutleysis fjölmiðla er haft að leiðarljósi við greiningu á umfjöllun Morgunblaðsins og Þjóðviljans um þessi mál og er fréttastefna RÚV höfð til viðmiðunar. Bornar eru saman fréttir og leiðarar blaðanna frá þessu tímabili og að auki er efni eftir ritstjóra Þjóðviljans og Bjarna Benediktsson utanríkisráðherra skoðað nánar.

Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að flokksblaðamennska hafði greinileg áhrif á frásagnarmáta blaðanna og setur hún mark á umfjöllunina um þau málefni sem skoðuð voru. Blöðin töldu sig bæði hafa hagsmuni Íslendinga að leiðarljósi með skrifum sínum, en ástæðurnar fyrir skoðunum þeirra voru gjörólíkar. Stjórn málaafstaða Þjóðviljans kemur skýrar fram en Morgunblaðsins og fóru Þjóðviljamenn ekki leynt með hana. Blöðin gagnrýndu hvort annað ákaft og leyndu ekki álitinu á andstæðum skoðunum hvors annars. Morgunblaðið og Þjóðviljinn höfðu einnig andstæða afstöðu til utanríkismála á þessum tíma og fer það ekki á milli mála við skoðun á umfjöllun þeirra og orðræðu frá þessum árum.

Lykilhugtök: Atlantshafsbandalag, varnarsamningur, utanríkismál, flokksblaðamennska

## Abstract

This thesis focuses on the discourse and narrative of two Icelandic newspapers, Morgunblaðið and Þjóðviljinn, during the years 1949-1955, in their writings about the membership of Iceland of the North Atlantic Treaty Organisation (NATO) and the defence agreement with The United States of America which was made in 1951. News, editorials and articles from both papers are examined with special focus on analysing the narrative of specific controversial issues. Books were also used, especially for the provision of media theory in general, material about the two newspapers, their respective editors and the political situation that prevailed during this particular period. An attempt is made to answer the question whether political journalism influenced the discussion of the papers about Iceland's foreign affairs and whether their narrative mode was biased because of the political connections of the two papers.

The importance of media neutrality is kept in mind in the analysis of the discourse and narrative of Morgunblaðið and Þjóðviljinn about these issues, and the news policy of The Icelandic National Broadcasting Service (RÚV) is used as reference. News and editorials from the papers from this period are compared, and in addition, material written by the editor of Þjóðviljinn and by Bjarni Benediktsson, the Minister of Foreign Affairs was reviewed especially.

The conclusion of the dissertation is that political journalism clearly affected the discourse and narrative mode of the papers, and influences the discussion of the issues which were examined. Both papers presumably wrote their material with Iceland's best interests in mind, but the ground for their views stemmed from very different political opinions. The position of Þjóðviljinn was more clearly expressed than that of Morgunblaðið and in addition, Þjóðviljinn's journalists did nothing to conceal their political opinion. Both papers openly expressed their contradictory beliefs and criticism of each other's views. Morgunblaðið and Þjóðviljinn also had completely opposite attitude towards foreign affairs during the period in question, which becomes apparent by looking at their narrative and discourse from these years.

Keywords: Atlantic Treaty Organisation, defence agreement, foreign affairs, political journalism

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>1</b>
<b>2</b>	<b>Aðferðarfræði</b> .....	<b>3</b>
<b>3</b>	<b>Fræðilegur inngangur</b> .....	<b>4</b>
3.1	Hvað er frétt? .....	4
3.2	Hlutleysi fjölmiðla .....	5
3.3	Flokksblaðamennska .....	6
3.4	Leitarorðin .....	6
<b>4</b>	<b>Bakgrunnur blaðanna og áhrifamenn</b> .....	<b>8</b>
4.1	Morgunblaðið .....	8
4.2	Þjóðviljinn .....	9
4.3	Ræður Bjarna Benediktssonar og Magnúsar Kjartanssonar .....	10
4.3.1	<i>Ræða Magnúsar Kjartanssonar</i> .....	10
4.3.2	<i>Ræða Bjarna Benediktssonar</i> .....	12
<b>5</b>	<b>Fréttir og leiðarar Morgunblaðsins og Þjóðviljans</b> .....	<b>14</b>
5.1	Árið 1949 .....	14
5.1.1	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 20. mars</i> .....	14
5.1.2	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 29. mars</i> .....	15
5.1.3	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 31. mars og 1. apríl</i> .....	17
5.1.4	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 5. apríl</i> .....	18
5.1.5	<i>Morgunblaðið 29. september og Þjóðviljinn 27. október</i> .....	19
5.2	Árið 1950 .....	21
5.2.1	<i>Þjóðviljinn 19. maí og Morgunblaðið 1. ágúst</i> .....	21
5.3	Árið 1951 .....	23
5.3.1	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 8. maí</i> .....	23
5.3.2	<i>Morgunblaðið og Þjóðviljinn 17. maí</i> .....	25
5.3.3	<i>Morgunblaðið 11. desember og Þjóðviljinn 12. desember</i> .....	26
5.4	Árið 1952 .....	28
5.4.1	<i>Morgunblaðið 5. apríl og Þjóðviljinn 25. júní</i> .....	28
5.5	Árið 1953 .....	30
5.5.1	<i>Þjóðviljinn 13. maí og Morgunblaðið 21. ágúst</i> .....	30
5.6	Árið 1954 .....	32
5.6.1	<i>Morgunblaðið 13. apríl og Þjóðviljinn 5. maí</i> .....	32
5.7	Árið 1955 .....	33
5.7.1	<i>Þjóðviljinn 30. mars og Morgunblaðið 7. nóvember</i> .....	33
5.8	Samantekt á umfjöllun blaðanna .....	34
<b>6</b>	<b>Niðurstöður og umræða</b> .....	<b>37</b>
	<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>39</b>

## 1 Inngangur

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu (NATO) og varnarsamningurinn við Bandaríkin sem gerður var árið 1951 voru umdeild málefni í íslenskum stjórnámálum um miðja tuttugustu öldina. Áratugalangri sjálfstæðisbaráttu Íslands var tiltölulega nýlokið en einungis voru liðin fimm ár frá því að íslenska lýðveldið var stofnað árið 1944. Sjálfstæði landsins var mikilvægur áfangi fyrir Íslendinga og er því skiljanlegt að margir hafi haft efasemdir um aðild Íslands að NATO.

Í ritgerðinni er innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið skoðuð frá fjölmiðlafræðilegu sjónarhorni. Áhersla er lögð á að greina frásagnir Morgunblaðsins og Þjóðviljans af framgangi mála yfir sjö ára tímabil. Blöðin stóðu fyrir andstæðar stjórnámálaskoðanir sem leiddi til mjög ólíkra efnistaka í skrifum þeirra um atburðina. Augljós tengsl voru milli blaðanna og stjórnámálflokka á þeim árum sem eru til skoðunar, en blöðin voru beinlínis málöggn flokkanna, Morgunblaðið var mál gagn Sjálfstæðisflokksins á hægri væng stjórnámálanna en Þjóðviljinn tengdist Sósíalístaflokki, sem var flokkur vinstrimanna. Helsta einkenni flokksblaðamennsku er hlutdrægur frásagnarmáti sem litaður er af flokkshollustu.

Árabilið 1949-1955 er til skoðunar í ritgerðinni, en atburðirnir sem sérstaklega er einblínt á, áttu sér stað árin 1949 og 1951. Árin 1952, 1953, 1954 og 1955 voru einnig skoðuð til hliðsjónar til að athuga hvort fjölmiðlarnir tveir hafi haldið áfram að fjalla um og jafnvel deila á liðna atburði. Við val á efni blaðanna sem notað er í ritgerðinni var flokksblaðamennska og möguleg áhrif hennar á frásagnarmáta höfð í huga. Sumt efni blaðanna skar sig meira úr en annað og var það efni valið sem endurspeglar skýrast þær stjórnámálaskoðanir sem blöðin stóðu fyrir.



Fræðilegur bakgrunnur er einnig skoðaður til hliðsjónar við gögnin sem var aflað til að varpa ljósi á stöðu fjölmiðla á þessum tíma. Staða fjölmiðla í samfélaginu á þeim tíma sem er til skoðunar einkenndist af flokkspólitík sem hafði mikil áhrif á efnistöð og umræðu þeirra. Með það til hliðsjónar verður bakgrunnur Morgunblaðsins og Þjóðviljans skoðaður og lögð áhersla á að greina hvort stjórnmálaskoðanir þeirra sem stóðu að blöðunum hafi haft áhrif á frásagnarmáta og orðræðu blaðanna. Loks verða helstu niðurstöður dregnar saman í umræðu- og niðurstöðukafla.

## 2 Aðferðarfræði

Spurningin sem höfð er að leiðarljósi í ritgerðinni er hvort, og þá hvers konar áhrif flokksblaðamennska hafði á umfjöllun Morgunblaðsins og Þjóðviljans um inngöngu Íslands í NATO og umfjöllun þeirra um deilurnar um varnarsamninginn. Til að leita svara við spurningunni voru skoðaðar fréttir og leiðarar frá árunum 1949-1955. Við efnisöflun voru valdar þær fréttir og leiðarar sem fjölluðu um sama mál frá svipuðum tíma. Ákveðið var að skoða og greina sérstaklega meira efni frá árunum 1949 og 1951, vegna þeirra sögulegu atburða sem áttu sér stað á þeim árum.

Efni blaðanna sem tekið er til athugunar í ritgerðinni eru fréttir, leiðarar og ræður sem talið er að endurspegli greinilega afstöðu blaðanna í utanríkismálum þess tíma. Allt efnið sem var notað úr blöðunum var sótt á vefsíðuna tímarit.is, þar sem hægt er að finna allt það efni sem blöðin gáfu út á þessum árum. Til að halda umfangi verkefnisins innan viðráðanlegra marka var ákveðið að nota einungis nokkur leitarorð. Þetta var annars vegar gert til að fá takmarkaðra efni og hins vegar til að leitarniðurstöðurnar yrðu hnitmiðaðri. Leitarorðin sem notuð voru eru þessi: „Atlantshafsbandalag”, „árásarbandalag”, „hernaðarbandalag”, „varnarbandalag”, „varnarlið” og „varnarsamningur”.

Við val á þeim fréttum og leiðurum sem síðan voru notuð í ritgerðinni, var áhersla lögð á að skoða hvernig blöðin beittu sér fyrir stjórnmalalegum hagsmunum með skrifum sínum. Einnig var skoðað með hvaða hætti blöðin settu út á andstæðing sinn. Þar sem flokksblaðamennska var ríkjandi voru áherslur Morgunblaðsins og Þjóðviljans á gjörsamlega andstæðum pólum. Munurinn á orðræðu blaðanna er hvað greinilegastur í umfjöllun þeirra um stjórnmal og liggur helsti áherslumunur blaðanna í stefnu þeirra í utanríkismálum.

### 3 Fræðilegur inngangur

Í lýðræðisríkjum er talað um að ríkisvaldið skiptist í þrennt, löggjafavald, framkvæmdavald og dómsvald, en einnig er oft talað um fjölmiðla sem fjórða valdið. Áhrifamáttur fjölmiðla á samfélagið er gífurlegur. Fjölmiðlar móta samfélagsumræðuna og hafa áhrif á orðræðu liðandi stundar. Til að fá betri mynd af sérstöðu íslenskra fjölmiðla á árunum 1949-1955 er mikilvægt að gera grein fyrir tilgangi og hlutverki fjölmiðla í þágu almennings.

#### 3.1 Hvað er frétt?

Tilgangur fréttar er að upplýsa almenning um það sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni. Í bók Harcup (2009) eru talin upp ákveðin fréttagildi sem hægt er að nota við að skilgreina hvað geti kallast frétt. Þau fréttagildi sem hann skilgreinir eru eftirtalin: tíðni, þröskuldur, ótvíræðni, mikilvægi, samhljómur, óvæntar upptækur, samfella, samsetning, tilvísun til forréttindaþjóða, tilvísun til forréttindafólks, vísun til fólks almennt, tilvísun til einhvers neikvæðs. Samkvæmt Harcup hafa ýmsir fræðimenn nú bætt við fleiri fréttagildum, og segir hann að samkeppni sé til dæmis mikilvægt fréttagildi nú á dögum þar sem sífelld samkeppni sé á meðal fjölmiðla um að vera fyrstir með fréttirnar.

Nokkur fréttagildanna eiga vissulega við frásagnarmáta Morgunblaðsins og Þjóðviljans um miðja 20. öldina. Samfella, samhljómur og mikilvægi eiga óumdeilanlega við frásagnir blaðanna beggja, en einnig fjölluðu blöðin mikið um fólk sem var áberandi í samfélaginu og samfélagsumræðunni á þessum tíma. Þrátt fyrir ákveðin fréttagildi til viðmiðunar á því hver einkenni fréttar séu, eru fleiri þættir sem mikilvægt er að skoða við greiningu á frásagnarmáta fjölmiðla.

## 3.2 Hlutleysi fjölmiðla

Hlutlaus fjölmiðill upplýsir almenning um öll þau málefni er varða samfélagið og almannahag, greinir frá atburðum sem gerast í samfélaginu, og segir frá á sem óhlutdrægastan hátt. Til viðmiðunar um hvað skal teljast hlutlaus miðill mætti skoða fréttastefnu Ríkisútvarpsins (RÚV) þar sem helstu áhersluatriði miðilsins koma fram er varða fagmennsku í frétttaflutningi („RÚV: Stefna”, 2012). Fréttastefna RÚV er eftirfarandi:

RÚV veitir víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar. Fréttastofa RÚV nýtur almenns trausts sem áreiðanlegur fréttamiðill. Fréttamönnum ber að kappkosta í störfum sínum að viðhalda þessu trausti. Nákvæmni, hlutlægni og heiðarleiki í starfi eru nokkrar forsendur þess að fréttastofan og þættir á vegum hennar haldi trausti og virðingu almennings.

RÚV leggur mikið upp úr því sem hlutlaus og óháður fjölmiðill að almenningur geti treyst frétttaflutningi miðilsins og þurfi ekki að véfengja hann á neinn hátt. Samkvæmt stefnunni felst traust þeirra sem fylgjast með fjölmiðlinum í áreiðanleika miðilsins og er hlutlægni í umfjöllun fréttta þar lykilatriði.

Eins og sjá má á núverandi fréttastefnu RÚV er lögð mikil áhersla á óhlutdrægni í umfjöllun fjölmiðla um atburði líðandi stundar og er hlutleysi fjölmiðla talinn vera mjög mikilvægur þáttur þegar kemur að því að meta áreiðanleika þeirra. RÚV er ríkisrekinn fjölmiðill sem gefur sig út fyrir að starfa í almannáþágu og vera hlutlaus, en hvorki Morgunblaðið né Þjóðviljinn eru ríkisreknir fjölmiðlar og voru ekki á þeim tíma sem um ræðir. Vert er að nefna að hlutleysi Morgunblaðsins er þó enn umdeilt nú á dögum, þar sem það er í ýmsum tengslum við Sjálfstæðisflokkinn, til dæmis hvað varðar eignarhald blaðsins.

### 3.3 Flokksblaðamennska

Flokksblaðamennska er sú tegund blaðamennsku þar sem tengsl blaða við stjórnmalastefnur hafa áhrif á frásagnarmáta þeirra af málum er varða samfélagið. Frásagnarmáti fjölmiðla sem einkennist af flokksblaðamennsku er hlutdrægur og á árunum 1949-1955 einkenndust frásagnir Morgunblaðsins og Þjóðviljans af stjórnmalatengslum blaðanna. Birgir Guðmundsson segir í grein sinni í Blaðamanninum að í hinu íslenska fjölmiðlaumhverfi byggist hefðin á „... flokkspólitískri blaðamennsku - kerfi þar sem flokkarnir áttu opinberlega sín málöggn og blöðin tóku afstöðu á grundvelli stefnu eigendanna...." (bls. 3, 2003).

Í grein frá árinu 2010 í Þjóðarspeglinum talar Birgir Guðmundsson um að flokksblaðamennska hafi ríkt á árunum 1916-1960 og að á þeim tíma hafi fjölmiðlarnir beinlínis verið framlenging af stjórnmalaflokkum landsins (bls. 10). Á árunum sem eru til skoðunar í ritgerðinni eru augljós tengsl milli eignarhalds blaðanna og ákveðinna stjórnmalaflokka og því má segja að flokksblaðamennska hafi verið ríkjandi á þeim árum.

### 3.4 Leitarorðin

Ákveðin leitarorð voru notuð til að finna fréttir og leiðara sem eru taldar vera lýsandi fyrir orðræðu landsmanna á árunum 1949-1955. Leitarorðin sex sem voru notuð til að finna viðeigandi efni voru valin út frá þema ritgerðarinnar. Orðið „Atlantshafsbandalag” var einna mest notað og var orðið „varnarbandalag” notað í sama tilgangi. Orðin voru notuð til að finna efni tengt aðildinni að bandalaginu, bæði fyrir og eftir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Orðin „hernaðarbandalag” og „árásarbandalag” voru einna helst notuð til að finna efni úr Þjóðviljanum vegna þess að Morgunblaðið notaði orðin síður. Morgunblaðið notaði aldrei orðið „árásarbandalag” í umfjöllun sinni um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þær leitarniðurstöður Morgunblaðsins sem birtust við innslátt

orðsins á tímarit.is voru um önnur málefni, sem tengdust aðild Íslands að bandalaginu ekki neitt. Orðin „varnarlið” og „varnarsamningur” voru svo notuð til að finna umfjallanir blaðanna um varnarsamninginn sem gerður var milli Íslands og Bandaríkjanna árið 1951.

## 4 Bakgrunnur blaðanna og áhrifamenn

Til að varpa ljósi á eignarhald Morgunblaðsins og Þjóðviljans og ítök eigenda hvað innihald og frásagnarmáta blaðanna varðar, verður greint frá bakgrunni miðlanna og eigenda þeirra í þessum kafla. Ræður sem birtust í blöðunum verða einnig skoðaðar, en ræðumenn voru stuðningsmenn hvors blaðs um sig.

### 4.1 Morgunblaðið

Árið 1913 skrifaði Vilhjálmur Finsen fyrsti ritstjóri Morgunblaðsins eftirfarandi í fyrsta tölublaðið: „...Morgunblaðið tekur engan þátt í flokkadeilum...” (Pettersson og Pettersson, bls. 79, 2000). Nokkrum árum síðar breyttist þó sú stefna Morgunblaðsins eftir að það var selt kaupmönnum. Morgunblaðið var flokksmálgagn Sjálfstæðisflokksins á árunum 1930-1960, en eftir 1960 þróaðist það smátt og smátt út í að vera óháður fjölmiðill, en í bók Petersson og Pettersson segir að „... þrátt fyrir það fylgdi það yfirleitt Sjálfstæðisflokknum að málum” (bls. 80, 2000).

Þegar ákvarðanatoka um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu stóð yfir var Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra. Hann gegndi embættinu frá árinu 1949 til 1956 en þá gerðist hann aðalritstjóri Morgunblaðsins ásamt Valtý Stefánssyni. Valtýr hafði verið ritstjóri frá 1924 og var ritstjóri blaðsins til dánardags árið 1963 (Hannes H. Gissurarson, 1989). Frá árinu 1948 gegndi Bjarni stöðu varaformanns Sjálfstæðisflokksins og var hann varaformaður í rúman áratug eða þar til hann varð formaður flokksins. Bjarni átti stóran hlut í aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og birtist mikið af hans efni og ræðum í Morgunblaðinu.

Hannes segir í bók sinni að á árunum 1929-1959, „... dró Morgunblaðið síður en svo af sér og fylgdi þeim hópnum jafnan að málum, sem hafði töglin og hagldirnar í Sjálfstæðisflokknum og laut forystu Jóns Þorlákssonar, Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar” (bls. 89, 1989). Þrátt fyrir tengsl sín við Sjálfstæðisflokkinn í gegnum árin,

Þróaðist Morgunblaðið hægt og rólega úr því að vera beinlínis flokksmálgagn í að vera tiltölulega óháð blað. Hannes nefnir í bók sinni að engin ein ástæða hafi legið að baki breytingunum heldur hafi margar ástæður verið fyrir þessari þróun (Hannes H. Gissurarson, 1989). Morgunblaðið er starfandi fjölmiðill enn þann dag í dag, en Davíð Oddsson er annar ritstjóri blaðsins sem stendur. Hann hefur gegnt lykilembættum þjóðarinnar, sem til dæmis forsætisráðherra, borgarstjóri Reykjavíkur, utanríkisráðherra og aðalbankastjóri Seðlabankans, en hann hefur komist í þau embætti vegna sterkar stöðu sinnar í stjórnámálum. Davíð Oddsson á langa sögu að baki í lykilstörfum fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, m.a. sem formaður flokksins.

## 4.2 Þjóðviljinn

Þjóðviljinn kom fyrst út árið 1936 en í ávarpi blaðsins kom strax fram í málssvari hvers það kæmi út, en í blaðinu sagði að það ætti „... ekki aðeins að vera málssvari fylgjenda Kommúnistaflokksins, heldur alls verkalýðsins....” (Petersson og Pettersson, bls. 83, 2000). Auk þess segir í bók Árna Bergmann að blaðið hafi verið algjörlega pólitískt í skrifum sínum fyrstu árin og að menn hafi ekki verið að eyða plássi í óháðar fréttir (bls. 105, 1986). Þjóðviljinn studdi í framhaldinu eindregið stefnu Sósíalistaflokksins, sem stofnaður var upp úr Kommúnistaflokknum árið 1938, sem gerði það að verkum að umfjöllun blaðsins litaðist alla tíð mjög af málstað vinstrimanna (Árni Bergmann, 1986).

Ritstjóri Þjóðviljans á þeim árum sem eru til skoðunar, 1949-1955, var Magnús Kjartansson, en hann tók við ritstjórstöðu blaðsins árið 1947 og gegndi þeirri stöðu til ársins 1971 (Hannes H. Gissurarson, 1989). Þegar Magnús tók við sem ritstjóri árið 1947 hóf hann að skrifa greinar vikulega í blaðið ásamt Sverri Kristjánssyni. Magnús og Sverrir notuðu dulnefni við skrif sín, en þeir skrifuðu um allt er varðaði málefni líðandi stundar. Í bók Árna segir að þeir hafi meðal annars skrifað um „lágkúru í samskiptum við Vestrið, og áttu sér



hvassari og ísmeygilegri brodd en flest það sem hafði áður sést í íslenskri blaðamennsku (bls.17, 1986).

Magnús beitti sér og mjög fyrir stefnu sósíalista í utanríkismálum og skrifaði hann miskunnarlaust um andstæðinga sína á hægri væng stjórnmalanna og stefnu þeirra. Í bók Hannesar (1989) er sagt að Magnús hafi verið sektaður fyrir meiðyrði í skrifum sínum, en þegar hann neitaði að greiða sektirnar þurfti hann að sitja í fangelsi um tíma. Magnús var ekki að skafa af álitinu sínu á andstæðingum sínum og skrifaði hann það sem honum sýndist um þá í blaði sínu. Þjóðviljinn hætti að koma út árið 1992 en vinsældir blaðsins höfðu smám saman lognast út af á síðari hluta 20. aldarinnar.

### 4.3 Ræður Bjarna Benediktssonar og Magnúsar Kjartanssonar

Bjarni Benediktsson og Magnús Kjartansson voru meðal þeirra einstaklinga sem voru hvað mest áberandi í umræðum um utanríkismál á árunum 1949-1955. Þeir höfðu báðir sterka skoðun á því hver staða Íslands ætti að vera í utanríkismálum, einkum hvað varðaði öryggi og varnir landsins. Þó svo að Bjarni hafi ekki verið ritstjóri Morgunblaðsins á þeim tíma sem er til skoðunar, þá var hann Sjálfstæðismaður og var varaformaður flokksins á árabílinu 1949-1955. Magnús var einn beittasti penni Þjóðviljans og var í forsvari fyrir vinstrimenn á þessum árum. Tvær ræður frá árinu 1949 verða skoðaðar hér á eftir til að sýna betur opinberlega afstöðu þeirra og sjá hvernig þeir kynna skoðanir sínar.

#### 4.3.1 Ræða Magnúsar Kjartanssonar

Þann 25. febrúar 1949 hélt Magnús Kjartansson ræðu á æskulýðsfundi. Á þeim tíma sem Magnús hélt ræðuna var mjög umdeilt meðal landsmanna hvort Ísland ætti að verða þátttakandi í Atlantshafsbandalaginu. Í ræðu sinni talar hann gegn bandalaginu og um afneitun Íslands á hlutleysi sínu ef landið yrði aðili að því. Hann lætur í ljósi skoðun sína á að þátttaka Íslands í bandalaginu myndi fela í sér beinan stuðning við ákveðna hagsmuni

Bandaríkjamanna. Í ræðunni kemur fram að Bandaríkin séu að reyna að fá Ísland til að afneita hlutleysi sínu, ekki Íslands vegna, heldur vegna sinna eigin hagsmuna (Magnús Kjartansson, bls. 31, 1979).

Hann telur upp þau skipti sem Bandaríkjamenn höfðu afskipti af utanríkismálum Íslendinga á árum seinni heimsstyrjaldarinnar og ítrekar að í öll þau skipti hafi hagsmunirnir legið hjá Bandaríkjunum en ekki Íslandi. Hann vitnar í bók Blacketts, bresks nóbelsverðlaunahafa, sem talar meðal annars um þýðingu og hlutverk útvarðastöðva Bandaríkjamanna í bók sinni. Í bókinni líkir Blackett Bretlandi, Frakklandi og Norðurlöndunum við það í skák sem vernda konunginn, Bandaríkin.

Magnús deilir á umfang vígbúnaðar Bandaríkjanna og hvert hlutskipti Íslands sé í samhengi við það. Magnús minnst tilræðis Bandaríkjamanna í seinni heimsstyrjöldinni þegar þeir reyndu vísvitandi að beina Þjóðverjum að landinu með fölsuðum skeytum. Magnús segir að af fyrri atburðum að dæma sé Bandaríkjamönnum ekki treystandi fyrir því að vernda Ísland. Hann segir að mikil hætta stafi af hernaðarsamstarfi við Bandaríkin og bætir við að „... ef það er talið hagkvæmt getur svo farið að Bandaríkin beini hættunni hingað að yfirlögðu ráði til að treysta öryggi sitt” (Magnús Kjartansson, bls. 36, 1979).

Í ræðu sinni talar Magnús aldrei um bandalagið sem varnarbandalag, en Morgunblaðið og Bjarni Benediktsson tala hins vegar alltaf um það sem varnarbandalag þegar þeir tala um aðildina. Magnús talar um bandalagið sem hernaðarbandalag, sem hafi vígbúnað og öryggi Bandaríkjanna að aðalmarkmiði. Með ræðu sinni kemur Magnús skoðunum sínum á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á framfæri og endar hann ræðuna á setningunni: „Látum það aldrei gerast að þjóðin okkar verði það í heimsyfírráðatafli bandaríska auðvaldsins, það sem hiklaust verður fórnað ef hinn vestræni kóngur telur sér hag af því” (Magnús Kjartansson, bls. 40, 1979).

#### 4.3.2 Ræða Bjarna Benediktssonar

Í Morgunblaðinu þann 29. mars 1949 birtist útvarpsræða Bjarna Benediktssonar frá vantraustsumræðum kvöldinu áður á þremur síðum blaðsins. Í ræðu sinni fer Bjarni yfir breytta stöðu Íslands í alþjóðamálum og þá sérstaklega hvað varðar öryggi og varnir landsins. Hann fer einnig ítarlega yfir hvernig málin höfðu þróast frá því að Ísland fékk formlegt boð um að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu til þess dags er hann hélt ræðuna („Friðarvon mannkynsins”, 1949). Í ræðunni leggur hann áherslu á hernaðarleysi landsins og hlutleysi þess hvað hernað varðar en þó leggur hann mesta áherslu á sérstöðu Íslands og að það verði ekki valtað yfir það vegna smæðar þess og varnarleysis. Hann minnst nokkrum sinnum á kommúnista og þeirra hugsjónir í ræðunni, en ræðan hans snýst þó aðallega um Atlantshafsbandalagið og kosti þess.

Bjarni talar um að fjarlægð Íslands frá öðrum löndum sé í sjálfu sér ekki lengur næg vernd fyrir landið en að landfræðileg staðsetning landsins gæti hins vegar gegnt lykilhlutverki fyrir Rússa í stríði sínu við Bandaríkin. Hann segir að vegna staðsetningar landsins og varnarleysis þess sé of mikil hættu á að landið verði hernumið. Í ræðu sinni lætur hann í ljós skoðun sína á því ef Bandaríkjamenn og Bretar hefðu aðstöðu til hernaðar á Íslandi til að vernda sínar þjóðir gegn árás annarrar þjóðar. Hann telur þann kost mun skárri en ef landið væri hernumið af öðrum aðilum, í því eina skyni að nýta sér það í árás á önnur ríki. Bjarni segir að: „Allir Íslendingar aðrir en kommúnistar, mundu áreiðanlega kjósa það, að landið hefði ekki þessa hernaðarþýðingu” („Friðarvon mannkynsins”, 1949).

Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum árið 1946, en í ræðu sinni fer Bjarni yfir hernaðarlegt hlutverk samtakanna. Hann furðar sig á því að sumir sem hafi verið hlyntir því að Ísland yrði aðili að alþjóðasamtökum eins og Sameinuðu þjóðunum, berjist nú gegn því að Ísland gangi í hernaðarbandalag. Hann bendir á að Sameinuðu þjóðirnar hafi upprunalega verið stofnuð í því skyni að halda heimsfrið og segir í framhaldi af því: „varðveisla friðar og

öryggis með beitingu hervalds er eitt af helstu hlutverkum Sameinuðu þjóðanna. „Þannig, að ef menn hafa óttast hernaðarbandalag, þá hljóta þeir fyrst og fremst að óttast Sameinuðu þjóðirnar („Friðarvon mannkynsins”, 1949).

Í ræðunni minnst Bjarni einnig á þá aukningu sem hefur orðið á hernaðarbrölti austur-evrópskra landa, án samþykkis Sameinuðu þjóðanna. Hann segir að hernaðaruppbyggingin í Austur-Evrópu sé meginástæðan fyrir stofnun hernaðarbandalags meðal ríkja Vestur-Evrópu. Hann leggur mikla áherslu á varnarleysi Íslands og á nauðsynlega aðild landsins að alþjóðasamtökum þar sem landið gæti fengið hjálp frá þjóðum sem búa yfir hernaðarlegu valdi. Í ræðunni tekur hann fram að Bandaríkjamenn hafi opinberlega viðurkennt sérstöðu Íslands og að þeir muni virða þau mörk sem landið setur hvað varðar þátttöku Íslands í hernaðarlegum aðgerðum.

## 5 Fréttir og leiðarar Morgunblaðsins og Þjóðviljans

Í þessum kafla eru skoðaðar fréttir og leiðarar úr blöðunum tveimur frá árunum 1949-1955. Bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn fjölluðu mikið um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu í aðdraganda samþykktarinnar, en blöðin voru á öndverðum meiði í afstöðu sinni til utanríkismála. Blöðin voru ekki síður ósammála hvað varðar varnarsamning landsins við Bandaríkin sem gerður var árið 1951 og fjölluðu þau um samninginn hvort á sinn hátt.

### 5.1 Árið 1949

Árið 1949 var mikið fjallað um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu bæði í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum, en blöðin voru langt í frá sammála um hvaða ákvörðun skyldi taka í þeim efnum. Morgunblaðið var hlynnt aðildinni, en Þjóðviljinn taldi aðild landsins að NATO vera hina verstu hugmynd.

#### 5.1.1 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 20. mars

Á forsíðu Morgunblaðsins þann 20. mars 1949 er greint frá því hvernig dagblöð aðildarríkjanna hefðu brugðist við samningnum um Atlantshafsbandalagið. Þar kemur fram að í sænska blaðinu Svenska Dagbladet sé sagt frá því að „Svíar vonist til þess að Atlantshafssáttmálinn veiti Norðmönnum og Dönum það öryggi sem þeir gátu ekki öðlast með norrænu varnarbandalagi” („Ummæli stórblaða í Evrópu”, 1949), þar sem Norðurlandþjóðirnar höfðu áður rætt sín á milli hvort þau skyldu efna til varnarbandalags í sameiningu. Í einkaskeyti til Morgunblaðsins frá Reuter hinn 19. mars kemur fram að „blöð um allan hinn lýðfrjálsa heim” hafi fagnað sáttmálanum („Atlantshafsbandalagi fagnað”, 1949). Þó er tekið fram að kommúnistar væru undantekning þar á og að ekki hafi birst neitt um sáttmálann í dagblöðum í Austur-Evrópu. Greint er frá því hvenær formleg undirritun verði og að athöfnin verði haldin í Washington í Bandaríkjunum. Lögð er áhersla á að

tilgangur samningsins sé að efla heimsfrið og leysa vandamál á vettvangi alþjóðamála. Einnig telja Bandaríkjamenn að bandalagið verði öflugt vegna samstöðu aðildarríkjanna.

Í Þjóðviljanum þann 20. mars 1949 er lítill leiðari eftir höfund sem notar upphafsstafina M. T. Ó. Í leiðaranum (M. T. Ó., 1949) er bendir hann á ástæður Atlantshafsbandalagssinna fyrir stuðningi sínum við málstaðinn en af skrifunum að dæma þykir honum ástæðurnar langt frá því að vera á góðum rökum reistar. Hann segir að það sé mótsögn í tilkynningunni frá Acheson og Bjarna Benediktssyni vegna þess að í henni hafi Acheson sagt að samningur Atlantshafsbandalagsins yrði í samræmi við þann frá Sameinuðu þjóðunum. Þó bendir hann á að ein helsta röksemdarfærsla fólks fyrir Atlantshafsbandalaginu sé sú að samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna væri ekki hægt að verjast sem skyldi ef eitthvað kæmi upp á.

Hann segir að þrátt fyrir þessi rök fyrir aðildinni og misræmisins milli sáttmálanna, sé verið að sannfæra fólk um að aðild að Atlantshafsbandalaginu væri í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Leiðarahöfundur bendir jafnframt á að skv. 52. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna sé aðildarríkjum ekki leyfilegt að beita aðrar þjóðir valdi nema með samþykki öryggisráðsins, en að með stofnun Atlantshafsbandalagsins sé beinlínis verið að vinna á móti 52. grein sáttmálans. Hann segir í leiðaranum að Atlantshafsbandalaginu sé bókstaflega „beint gegn Sovétríkjunum” (M. T. Ó., 1949) og að stuðningsmenn þess hafi aldrei reynt að fela þá staðreynd. Hann segir að stofnun bandalagsins sé í beinni mótsögn við málstað Sameinuðu þjóðanna og að með því sé verið að „gera mögulega þá heimsstyrjöld, sem æðsta markmið SP er að hindra að brjótist út” (M. T. Ó., 1949).

#### 5.1.2 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 29. mars

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var mikið hitamál þann 29. mars, enda voru löggin um aðildina samþykkt á Alþingi næsta dag. Í Morgunblaðinu þann daginn var fjallað um málið í tæplega helmingi blaðsins. Morgunblaðið var sextán blaðsíður þennan dag, en

fjallað var um Atlantshafsbandalagið eða eitthvað tengt því á sjö síðum. Sex síður voru undirlagðar af öðru efni eða gamanefni, fimm af auglýsingum og ein af smásögum. Það voru svo einungis þrjár síður í blaðinu sem fjölluðu um annað frétt næmt efni er tengdist ekki aðild að sáttmálanum á neinn átt.

Forsíðufyrirsögn Morgunblaðsins frá 29. mars er: „Ísland verði stofnaðili að bandalagi lýðræðisþjóðanna", en í fréttinni er tilkynnt að tillaga um þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu hafi verið lögð fram á Alþingi deginum áður. Í fréttinni kemur fram að með aðildinni og stofnun bandalagsins séu friður og velmegun tryggð meðal lýðræðisþjóða við norðanvert Atlantshaf („Ísland verði stofnaðili", 1949). Í fréttinni er einnig tekið fram að á fundi Bjarna Benediktssonar í Washington hafi Bjarni undirstrikað sérstöðu Íslands innan bandalagsins, ef landið yrði aðili að NATO.

Sama dag birtist í Þjóðviljanum ræða Halldórs Laxness sem var flutt tveimur dögum áður á fundi Þjóðviljamanna, eða þann 27. mars. Í ræðunni lýsir hann skoðun sinni á því að Íslendingar vilji ganga í Atlantshafsbandalagið. Honum þykir hugmyndin fráleit og telur að landsmenn eigi ekkert erindi innan slíks hernaðarbandalags. Í ræðu sinni (1949) leggur Halldór Laxness mikla áherslu á fyrirlitningu Íslendinga á stríði og á öllu því er tengist hernaði. Samkvæmt Halldóri ætti að vera skýr greinarmunur á því sem hann segir að sé það sem þjóðin vill og á því sem stjórnvöld þjóðarinnar undirrita í nafni Íslands. Þrátt fyrir ýmsar alhæfingar tekur hann þó fram að það fari jú eftir því hvaða stjórn málaflökk fólk aðhyllist, hver skoðun þeirra á Atlantshafsbandalaginu sé. Þó segir hann einnig að engin ákvörðun stjórnmalamanna á Íslandi hafi nokkurn tímann „vakið annan eins kvíða, óhug og óvinsældir hjá þjóð vorri eins og sú hótun þeirra að gera landið með einum pennadrætti að þátttaka í hernaðarbandalagi" (Halldór Kiljan Laxness, 1949).

Í ræðu Halldórs kemur einnig fram að Íslendingar eigi ekki nógu mikið sameiginlegt með Bandaríkjamönnum til að geta gengið í hernaðarbandalag með þeim á þeim grundvelli

að gætt sé að sameiginlegum hagsmunum. Út frá því segir hann jafnframt að dágóður hluti stjórnskipunar Íslands eigi meira sameiginlegt með stjórnarfyriřkomulagi Sovétríkjanna heldur en fyrirkomulagi stjórnsýslu Bandaríkjanna. Í lok ræðu sinnar segir Halldór (1949) að „aldrei í sögu heimsins hefur stríðsáróður verið óvinsælli en á vorum dögum”. Þessi orð hans gefa til kynna, líkt og sjá má í flestum öðrum fréttum blaðanna er varða þetta mál, að blöðin saka hvort annað og stuðningsmenn þeirra um áróður. Áróðurinn er ekki meiri í öðru blaðinu frekar en hinu og er áróðurinn sem endurspeglast í skrifum blaðanna einfaldlega tilkominn vegna hollustu þeirra við stjórn málaflökkanna.

### 5.1.3 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 31. mars og 1. apríl

Þann 30. mars 1949 samþykkti Alþingi formlega að Ísland skyldi gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu og í kjölfarið brutust út ein stærstu mótmæli sem hafa átt sér stað í sögu Íslands. Morgunblaðið og Þjóðviljinn sögðu að sjálf sögðu frá því sem gerðist á Austurvelli á næstu dögum og fóru blöðin ekki leynt með skoðanir sínar á atburðinum.

Daginn eftir upptöð á Austurvelli þann 31. mars var fyrirsögn Morgunblaðsins eftirfarandi: „Ofbeldishótanir kommúnista í framkvæmd: Trylltur skrill ræðst á Alþingi” („Ofbeldishótanir kommúnista”, 1949). Fyrirsögn Þjóðviljans sama dag var hins vegar þannig: „Landráðin framin í skjóli ofbeldis og villimannlegra árása á friðsama alþýðu: 8-10 þúsund Reykvíkingar mótmæla fyrir framan Alþingishúsið og kröfðust þjóðaratkvæðis. Viðbrögð yfirvalda voru í formi kylfuárása og gasnotkunar lögreglu og vitstola hvítliðaskríls” („Landráðin framin”, 1949).

Forsíðufyrirsagnir beggja blaðanna eru mjög neikvæðar sem telst þó ekki undarlegt í ljósi atburðarásarinnar deginum áður. Vert er að segja frá því að bæði blöðin fjalla um andstæðinginn sem skríl, sem setur neikvæðan tón á umfjöllunina. Tveimur dögum síðar, þann 1. apríl, gefa fyrirsagnir blaðanna enn og aftur til kynna mikla andúð á andstæðingnum en þann dag var fyrirsögn Morgunblaðsins: „Árás kommúnista vekur þjóðarreiði” („Árás



kommúnista”, 1949) en fyrirsögn Þjóðviljans var: „Ríkisstjórnin, Ólafur Thors, lögreglustjórinn og Heimdallarskrillinn eiga alla sök á óeirðunum á miðvikudaginn: Þingmenn Sósíalístaflakksins lýsa sök á hendur landsölulíðsins sem egndi margvíslega til átaka” (Ríkisstjórnin, Ólafur”, 1949).

#### 5.1.4 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 5. apríl

Þann 5. apríl 1949, daginn eftir að Atlantshafssáttmálinn var undirritaður, voru fyrirsagnir forsíðu Morgunblaðsins eftirfarandi: „A-sáttmálinn undirritaður”, „Trúum á vinsamlega samvinnu þjóðanna”, „Mjög virðuleg athöfn í Washington í gær” og „Ef A-sáttmálinn hefði verið til 1914 og 1939 hefði tveimur heimstýrjöldum verið afstýrt” en síðasta fyrirsögnin er tilvitnun í ræðu Trumans Bandaríkjaforseta (A-Sáttmálinn undirritaður”, 1949).

Á forsíðu blaðsins er ræða Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra sem hann flutti í Washington deginum áður við þetta tækifæri. Í ræðu sinni leggur Bjarni áherslu á sérstöðu Íslands í bandalaginu sem vopnalaust land. Bjarni rifjar upp óeirðirnar sem áttu sér stað á Austurvelli þann 30. mars og segir upptök þeirra ekki eiga neitt sameiginlegt með íslenskum síðum. Hann tekur ekki beint fram til hvers má rekja upptök mótmælanna, en þó gefur hann sterklega í skyn hverjir bera ábyrgð á þeim þegar hann segir: „Allir vitum við, hvar slíkir hættir eiga upptök sín” („Trúum á vinsamlega samvinnu þjóðanna”, 1949).

Á forsíðu Þjóðviljans þann sama dag er hins vegar ein stór fyrirsögn sem þekur rúmlega fjórðung síðunnar en hún er: „Árásarbandalag Bandaríkjaauðvaldsins og leppríkja þess formlega stofnað í Washington: hinn íslenzki Laval, Bjarni Benediktsson, ber upplognar sakir á Íslendinga til að vekja á sér meðaumkvun bandarísku húsbændanna og egna þá til íhlutunar um innanlandsmál Íslands”.

Daginn eftir undirritunina er ekki farið fögrum orðum um samninginn og þá einstaklinga er stóðu að honum í Þjóðviljanum. Auk þess fer blaðið ekki spart með að kalla bandalagið árásarbandalag. Í stuttri frásögn af undirritunarathöfninni í Þjóðviljanum er Bjarni

Benediktsson utanríkisráðherra sakaður um lygar í ræðu sinni í Washington og segir Þjóðviljinn að hann hafi farið með „sömu áróðurstugguna og landsöluþlöðin hér þora varla að halda fram í alvöru” („Árásarbandalag Bandaríkjaauðvaldsins”, 1949). Í fréttinni er farið yfir hvernig athöfnin í Washington fór fram og sagt að ræða Bjarna hafi verið „flutt með mjög lélegum enskum framburði” („Árásarbandalag Bandaríkjaauðvaldsins”, 1949). Ræða Bjarna er svo birt í framhaldi af því, en Þjóðviljinn fer ekki fleiri orðum um ræðuna.

Í sama blaði er einnig sagt frá útifundi sem var haldinn þann 3. apríl. Að sögn Þjóðviljans var fundurinn fjölmennasti útifundur er haldinn hafði verið í Reykjavík. Á fundinum lýstu sósíalistar því yfir hve mikil vitleysa þeim fyndist að Alþingi hefði tekið svo stóra ákvörðun fyrir hönd allra landsmanna án þess að leyfa fólki fyrst að kjósa um málið („Telur samþykkt”, 1949). Í blaðinu er greint frá útifundinum og þeim ákvörðunum og kröfum sem menn fóru fram á á honum. Á fundinum var ekki einungis verið að mótmæla aðildinni að Atlantshafsbandalaginu heldur var einnig verið að lýsa yfir óánægju fólks yfir því hvernig óeirðirnar á Austurvelli hefðu farið fram þann 30. mars „með þeim afleiðingum að fjöldi manns var meiddur og lemstraður” („Telur samþykkt”, 1949). Frétt Þjóðviljans frá 5. apríl („Telur samþykkt”, 1949) af timarit.is er óskýr og er ekki hægt að lesa hana í heild sinni vegna máðs texta en aðalatriði fréttarinnar komust þó til skila.

#### 5.1.5 Morgunblaðið 29. september og Þjóðviljinn 27. október

Þó svo að samþykkt hafi verið á Alþingi í lok marsmánaðar 1949 að Íslendingar myndu ganga í Atlantshafsbandalagið, ríkti enn mikill ágreiningur um aðildina á komandi árum og sérstaklega á sama ári, þegar málið var enn hitamál. Til að meta hversu umdeilt ágreiningsmálið var síðar á árinu voru skoðaðar nokkrar fréttir frá hvoru blaði frá þeim tíma. Skoðaðar voru tvær fréttir frá svipuðum tíma, ein úr Morgunblaðinu frá 29. september og ein úr Þjóðviljanum, tæpum mánuði seinna, þann 27. október.

Þann 29. september, eða um hálfu ári eftir að aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var samþykkt, skrifar Bjarni Benediktsson um málið, en hann er þó aðallega að gagnrýna skoðanir stjórn málaandstæðinga sinna í leiðara sínum. Í leiðaranum líkir hann kommúnistum við ofsatrúarmenn sem myndu fórna hverju sem er fyrir „... framgang hugsjónar sinnar” (Bjarni Benediktsson, 1949). Bjarni segir jafnframt að skoðun kommúnista sé ljót og sannfæring þeirra hættuleg og að þeir vilji fórna landi sínu fyrir sigurstefnu kommúnista. Bjarni talar fyrir því að hagsmunir Íslands séu fölgirnir í aðild að Atlantshafsbandalaginu og gefur skýrt og greinilega í skyn að gáfaðir menn myndu ekki hugsa sig tvisvar sinnum um hvaða afstæðu þeir ættu að taka. Hann fer yfir afstöðu stjórn málaflökkanna á Alþingi er verið var að greiða atkvæði um aðildina og tekur fyrir nokkra menn sem hann gagnrýnir sérstaklega.

Utanríkismál Íslendinga voru einnig ofarlega í hugum Þjóðviljamanna rúmlega hálfu ári seinna. Steinn Stefánsson skrifaði leiðara í Þjóðviljann þann 27. október 1949 þar sem hann fer yfir atburðina er áttu sér stað á Austurvelli þann 30. mars sama ár. Hann talar um kvikmynd eftir Kjartan Ó. Bjarnason nokkurn sem á að sýna hvernig óeirðirnar fóru nákvæmlega fram. Hann segir að stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins haldi því fram að lýðurinn hafi stofnað til óeirðanna. En hann vill meina að í kvikmyndinni sjáist vel að lögreglumenn og varalið Alþingis hafi skyndilega allt ráðist á fólkið, án þess að það hafi gert neitt af sér af fyrra bragði (Steinn Stefánsson, 1949). Steinn minnst einnig á að stuðningsmenn bandalagsins túlki kvikmyndina sér í hag og haldi því fram að andstæðingar sínir hafi átt upptökin að uppötinu á Austurvelli. Í lok leiðarans líkir hann ofbeldinu á Austurvelli við að stjórnvöld Íslands hafi ekki haldið þjóðaratkvæðagreiðslu til ákvörðunar í Atlantshafsbandalagsmálinu. Steinn segir að lýðræðið hafi verið „haft að skálkaskjól til að beita argasta einræði” (1949).

## 5.2 Árið 1950

Árið eftir að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu voru blöðin enn að ræða aðild Íslands að bandalaginu. Morgunblaðið fjallaði helst um mikilvægi aðildarinnar, en Þjóðviljamenn börðust enn gegn henni.

### 5.2.1 Þjóðviljinn 19. maí og Morgunblaðið 1. ágúst

Þann 19. maí 1950 birtist leiðari í Þjóðviljanum þar sem fram kemur gagnrýni á Bjarna Benediktsson utanríkisráðherra og ákvarðanir hans í utanríkismálum. Í leiðaranum er honum stillt upp sem hægri hönd Bandaríkjamanna og eru þessi orð meðal annars höfð um ráðherrann: „hann bregður sér þó nokkuð oft út yfir pollinn, þegar húsbændurnir kalla, og þá er erindið alltaf hið sama, nýtt afsal íslenzkra landsréttinda” („Íslendingar friðarþjóð”, 1950). Í leiðaranum er sagt að aðildarríki Atlantshafsbandalagsins muni brátt finna fyrir því að vera í bandalaginu og að þjóðirnar yrðu „þvingaðar til enn meiri útláta til undirbúnings áformum Bandaríkjaauðvaldsins um helseprengjustrið” („Íslendingar friðarþjóð”, 1951).

Í leiðaranum er gefið í skyn að Íslendingar hafi verið lokkaðir inn í Atlantshafsbandalagið á þeim forsendum að þeir væru að ganga í friðarbandalag. Orðið friðarbandalag er þó sett innan gæsalappa í textanum og er greinilegt að um kaldhæðni er að ræða. Þjóðviljinn fer vægast sagt ljótum orðum um utanríkisráðherra landsins og er honum kennt um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu sem Þjóðviljamenn hafa lítið álit á. Í leiðaranum er ekki heldur farið fögrum orðum um ræðu Bjarna sem var flutt í Ríkisútvarpinu tveimur dögum áður. Um ræðu hans er sagt að hún hafi verið „viðbjóðslegt skjall hins þrællynda, keypta lepps, sem vitandi vits breytir og talar gegn betri vitund, svíkur þjóð sína og allt sem henni er heilagt til að þóknast erlendum húsbændum” („Íslendingar friðarþjóð”, 1950).

Rúmum tveimur mánuðum síðar birtist leiðari í Morgunblaðinu þar sem grafið er undan skoðunum sósíalista (kommúnista) og reynt að gera lítið úr álitum þeirra á aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Sagt er að svokölluð Moskvustjórn reyni að ná heimsyfirvöldum

með hernaði en að Þjóðviljinn fjalli ekki um það og reyni að „leiða athygli lesenda sinna frá þessari staðreynd” („Hernaðarbandalag kommúnista”, 1950). Ein helstu rök Þjóðviljamanna fyrir því að Íslendingar eigi ekki að vera í Atlantshafsbandalaginu eru að bandalagið sé árásarbandalag frekar en friðarbandalag og því má segja að Morgunblaðið sé að nota sömu rök gegn skoðun Þjóðviljamanna. Morgunblaðið er með þessu að benda á að Rússar séu ekki saklausir, og séu ekki síður en Bandaríkjamenn að reyna að ná völdum með því að leggja undir sig landssvæði eða gera hernaðarsamninga við aðrar þjóðir. Morgunblaðið sakar kommúnista um að vera hliðhollir hernaðarlegum tilræðum og segir að það séu kommúnistar Íslands sem hafi gengið í hernaðarbandalag með því að styðja „Moskvuvaldið”.

Í leiðaranum eru sósíalistar einnig sakaðir um að óska þess að Ísland verði hernumið af Rússlandi og er sagt að sú ósk þeirra sé meginástæða þess að þeir hafi verið svo mótfallnir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið („Hernaðarbandalag kommúnista”, 1950). Einnig er sagt um kommúnista að þeir vilji svíkja land sitt og vera hliðhollir „húsbændum sínum” („Hernaðarbandalag kommúnista”, 1950) en Þjóðviljamenn nota einmitt bæði þau orð um stuðningsmenn bandalagsins oftast en einu sinni í skrifum sínum um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þessi leiðari Morgunblaðsins er í raun mun líkari umfjöllunum Þjóðviljans um aðild Íslands að NATO heldur en öðrum fréttum eða leiðurum Morgunblaðsins.

Þjóðviljinn var ávallt í minnihluta í ákvörðuninni um aðildina og var því oftast í þeirri stöðu að benda á galla bandalagsins með hræðsluáróðri gegn Bandaríkjunum. Í leiðara Morgunblaðsins er meira að segja vitnað í mál gagn kommúnista sem segir að þjóðin þurfi að vera á verði (gagnvart sókn Bandaríkjanna), en því er snúið gegn þeim og sagt að þjóðin þurfi að vera á verði gagnvart kommúnistum (sem styðji herveldisstefnu Rússa).

### 5.3 Árið 1951

Árið 1951 gerði Ísland varnarsamning við Bandaríkin. Morgunblaðið var hlynt samningnum og taldi hann nauðsynlegan vegna varnarleysis landsins, en Þjóðviljinn var þvert á móti ósammála því.

#### 5.3.1 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 8. maí

Þann 5. maí 1951 var varnarsamningur við Bandaríkin gerður og snerist umfjöllun fjölmiðla dagana í kring meira og minna um hann. Mikið var fjallað um varnarsamninginn, bæði í Morgunblaðinu og Þjóðviljanum, en umræðan um hann var lifandi í marga mánuði eftir að samningurinn var gerður. Það er ekki að undra að sósíalistar hafi haft sterka skoðun á máli þessu í ljósi minnihlutastöðu þeirra í stjórnámálum.

Á þessum tíma var innan við áratugur frá því að Ísland varð loksins sjálfstætt eftir margra áratuga baráttu. Sjálfstæðisbaráttan var því vissulega fersk í minnum manna og fannst sósíalístum að ríkisstjórnin væri að kasta hinu nýfengna sjálfstæði á glæ með undirritun samningsins. Í leiðara í Þjóðviljanum frá 8. maí er talað um „nýja sjálfstæðisbaráttu Íslendinga” og er sagt að hún muni enda með sigri Íslendinga, svo lengi sem Ísland „tortímist ekki í eldi nýrrar heimsstyrjaldar” („Landráð og hernám”, 1951).

Í Þjóðviljanum var skrifað um samninginn af miklum eldmód og það má segja að blaðið hafi ekki farið mjög jákvæðum orðum um málið. Morgunblaðið fjallaði almennt minna um málið og þá frá allt öðru sjónarhorni. Vert er að segja frá því að þegar leitarorðið „árásarbandalag” var slegið inn á tímarit.is og þær leitarniðurstöður skoðaðar sem komu upp í Morgunblaðinu frá árinu 1951, kom í ljós að Morgunblaðið talar ekki neitt um svokallað árásarbandalag. Í þau fimmtán skipti sem orðið „árásarbandalag” kom upp í leitarniðurstöðunum var Morgunblaðið að vitna í skrif einhverra annarra eða orðið notað í einhverju allt öðru samhengi en þessu. Þjóðviljinn notar orðið hins vegar ófáum sinnum

ásamt ýmsum öðrum neikvæðum orðum um varnarsamninginn sem var gerður við Bandaríkin í byrjun maí 1951.

Það má segja að blað Þjóðviljans frá 8. maí 1951 sé undirlagt fréttum og frásögnum af „hernáminu“, eins og blaðið kallaði gjarnan varnarsamninginn. Blaðið er átta blaðsíður í heild, en af þeim er fjallað um varnarsamninginn sem hernám á sex blaðsíðum, á einni blaðsíðu er stór frétt tengd flugi en svo er ein blaðsíða sem er þakin auglýsingum.

Það er vægast sagt farið neikvæðum orðum um varnarsamninginn í Þjóðviljanum og er fjallað um hann sem „hernám“, eins og fyrr segir, en í Morgunblaðinu er ekki talað um samninginn sem hernám. Á forsíðu Þjóðviljans þann 8. maí er fyrirsögnin „Hernámið er níðingsleg árás Bandaríkjanna á íslenzku þjóðina“. Í fréttinni er svo orðið samningur sett innan gæsalappa og sagt að samningur þessi sé lögbrot og brot á stjórnarskrárreglum. Auk þess segir að Bandaríkjamenn hafi ráðist inn í landið og að samningurinn gæti hugsanlega orðið til glötunar á frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar („Hernámið er níðingsleg árás“, 1951). Í sama blaði segir í ávarpi Sósíalístaflokksins til Íslendinga að „... auðvald Ameríku hafi náð slíkum tókum á valdhöfum lands [vors] með fjárgjöfum, blekkingum og grýlusögum“ (bls. 8, 1951). Það fer ekki á milli mála hver skoðun Þjóðviljamanna var á hernámi Bandaríkjamanna en sósíalistar töldu samninginn, líkt og áður kom fram, vera svik við þjóðina vegna þess að auðvaldið hefði tekið ákvörðunina einhliða, án samþykkis allrar þjóðarinnar.

Í Morgunblaðinu sama dag, þann 8. maí, er engum illum orðum farið um samninginn og er einungis bent á kosti hans og áhersla lögð á að Ísland sé betur sett með þennan varnarsamning við Bandaríkin („Varnarlið“, 1951). Í blaðinu er sérstaða Íslands innan Atlantshafsbandalagsins undirstrikuð en einnig er lögð drjúg áhersla á varnarleysi Íslendinga án samningsins. Auk þess er greint frá mikilvægi þess að þjóðin ráðstafi öryggismálum sínum þannig að hún sé í öruggu varnarsamstarfi við Bandaríkin sem séu þess megnug að verja Ísland ef til styrjaldar kæmi.

Morgunblaðið leggur mikla áherslu á að Atlantshafsbandalagið sé undirstaða samningsins og að hann sé einungis eins konar viðbót við aðild. Í blaðinu er talað um að hætta geti stafað að sjálfstæði Íslands, sé það varnarlaust eða öllu heldur sé það ekki í neins konar hernaðarbandalagi við ríki sem sé í stöðu til að verjast ef eitthvað skyldi koma fyrir.

Í blaðinu er bent á töluverða aukningu í vígbúnaðakapphlaupi frá því að Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og segir í leiðara þess: „Slíkir tímar eru ekki friðartímar í raun og sannleika” („Varnir Íslands”, 1951). Vegna áherslunnar sem er lögð á þetta tiltekna vígbúnaðarkapphlaup sem á að hafa átt sér stað á þessum tveimur árum, lítur út fyrir að Morgunblaðsmenn séu að réttlæta samningsgerðina við Bandaríkjamenn á ákveðinn hátt. Áhersla er lögð á að nú séu ekki friðartímar og því sé þörf á hernaðarsamstarfi Íslands við Bandaríkin. Í Þjóðviljanum er nefnilega ósjaldan talað um að hernaður á Íslandi sé óviðeigandi á friðartímum og sú staðhæfing meðal annars notuð til að færa rök fyrir því að Ísland ætti ekki að ganga í hernaðarbandalag við Bandaríkin.

### 5.3.2 Morgunblaðið og Þjóðviljinn 17.maí

Þann 17. maí 1951 fjalla bæði blöðin um útifund sem var haldinn í Reykjavík deginum áður. Frásagnir blaðanna eru þó fjarska ólíkar og er töluverður munur á umfangi og útliti fréttanna. Í Þjóðviljanum er fjallað um fundinn á forsíðu blaðsins með stórrí, áberandi fyrrsögn. Morgunblaðið fjallar hins vegar um fundinn í lítilli frétt á öftustu síðu blaðsins. Fyrrsögnin á forsíðu Þjóðviljans var: „Fjölmennasti útifundur sem haldinn hefur verið á Íslandi: Ógleymanlegur einhugur reykvískrar alþýðu um frelsi og sjálfstæði ættjarðarinnar” („Fjölmennasti”, 1951). Þjóðviljinn hafði áður fullyrt að haldinn hafi verið fjölmennasti útifundur í Reykjavík, en það var þann 5. apríl, deginum eftir að Atlantshafsbandalagssamningurinn var undirritaður í Washington („Telur samþykkt”, 1949). Í frétt Þjóðviljans frá 17. maí segir að fundurinn hafi verið svar reykvískrar alþýðu við „hinu



nýja hernámi” og að hann hafi verið einskonar staðfesting á að alþýðan myndi „endurheimta FRJÁLST ÍSLAND úr höndum hins erlenda hers” (bls. 1, 1951).

Í fréttinni talar Þjóðviljinn um fólkið sem mætti á fundinn sem sósíalista en í frétt Morgunblaðsins frá sama degi er ekki minnst á sósíalista heldur er talað um „komma” og „kommafund” þeirra („Kommafundur”, 1951). Líkt og áður kom fram er umfjöllun Morgunblaðsins um fundinn mjög stutt og ber hún fyrirsögnina: „Kommafundur í gærkvöldi, fámennur og daufur”. Í fyrirsögninni er gert lítið úr fundinum með því að segja að hann hafi verið fámennur og daufur. Þó er ekki víst að Þjóðviljinn hafi heldur farið með rétt mál þegar fullyrt var að fundurinn hafi verið sá fjölmennasti í Reykjavík frá upphafi. Þrátt fyrir stutta umfjöllun Morgunblaðsins, er hún nógu löng til að gera lítið úr hugsjónum sósíalista. Í Morgunblaðinu segir að sósíalistar hafi „hóað saman sem flestu fólki” og að notuð hafi verið „ný og gömul ráð við þá smalamennsku” (bls. 12, 1951).

### 5.3.3 Morgunblaðið 11. desember og Þjóðviljinn 12. desember

Í Morgunblaðinu þann 11. desember 1951 birtist frétt þar sem farið er yfir ræðu Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra sem hann hélt á fundi kvöldinu áður þar sem var verið að ræða varnarsamninginn. Áður en blaðmaður greinir frá því hvernig fundurinn fór fram segir hann: „Kommúnistar héldu þar uppi sama bægsлагanginum og við allar umræður þessa máls. Finnboga R. Valdemarssyni var att fram í þetta skipti” („Varnarleysið”, 1951). Athyglisvert er að áður en Morgunblaðið segir frá fundinum, er eitthvað neikvætt skrifað um andstæðinginn. Þar á eftir er ræða Bjarna hylt og farið yfir hvers vegna skoðanir kommúnista séu ekki á nógu góðum rökum reistar.

Morgunblaðið færir rök fyrir því að varnarsamningurinn sé ekki skerðing á sjálfstæði þjóðarinnar og eru fyrstu rök þau að annars væru aðrar þjóðir búnar að glata sjálfstæði sínu. Morgunblaðið hæðist eiginlega að kommúnistum varðandi staðhæfingar þeirra um glötun sjálfstæðis landsins með undirritun varnarsamningsins við Bandaríkin. Morgunblaðið segir

frá því að Rússar hefðu herlið í mörgum löndum þar í kring og að samkvæmt rökum íslenskra kommúnista væru því önnur kommúnistalönd búin að glata sjálfstæði sínu. Í ræðu Bjarna ræðst hann gegn því sem kommúnistar sögðu um að ríkisstjórnin hafi ekki átt rétt á að gera varnarsamninginn án þess að málið hefði fyrst verið borið fram á Alþingi. Bjarni sagði í ræðu sinni að „samningurinn væri ekki þess eðlis, að þyrfti að bera hann undir Alþingi áður en hann fengi gildi, vegna þess að hann væri aðeins framkvæmd skuldbindinga, sem Íslendingar tókust á herðar með Atlantshafssamningnum” („Varnarleysið”, 1951).

Í Þjóðviljanum þann 12. desember er talað um að lagagilding samningsins séu algjör mistök íslenska ríkisins. Nöfn þeirra þingmanna sem greiddu atkvæði gegn frumvarpinu sem var lagt fram voru talin upp í fréttinni og þar að auki er sagt um þá sem greiddu atkvæði með samningnum að „smán þeirra alþingismanna, sem að því unnu mun uppi meðan Íslandssaga er til” („Versta verk”, 1951). Einnig er sagt um samninginn að hann hafi verið „hið versta verk og niðingslegasta sem Alþingi Íslendinga hefur unnið.

Í annarri frétt blaðsins frá 12. desember er sagt: „Í tveimur hvössum og rökföstum ræðum tætti Finnbogi, R. Valdimarsson sundur varnarlitur þeirra Jóhanns Þ. Jósefssonar og Bjarna Ben” („Hernámið er grímulaus framkvæmd”, 1951), en blöðin fara gjarnan jákvæðum og sterkum orðum um menn sína en segja svo neikvæða og niðrandi hluti um andstæðinginn. Í fréttinni segir að Finnbogi hafi svipt hulunni af umræðunni um „vernd” Íslands, því þegar upp væri staðið lyti samningurinn algjörlega „hernaðarhagmunum Bandaríkjanna” („Hernámið er grímulaus framkvæmd”, 1951).

Af skrifum Þjóðviljans frá árinu 1951 má sjá að sósíalistar héldu áfram að berjast fyrir skoðunum sínum árið 1951 þrátt fyrir að þeir væru í miklum minnihluta og búið væri að samþykkja ýmsar tillögur gegn þeirra vilja undanfarin tvö ár. Morgunblaðið og Þjóðviljinn héldu áfram að skrifa gegn hvoru öðru á næstu árum og stóð Þjóðviljinn fastur á málstað

sínum þrátt fyrir yfirburði Morgunblaðsins hvað varðar stærð fylgjendahóps blaðsins og ríkjandi stjórnámálaskoðanir landsmanna.

#### 5.4 Árið 1952

Árið 1952 var umræða um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu enn uppi á teningnum í fjölmiðlaumræðunni. Morgunblaðið var enn hlynnt aðildinni og þótti hún vera nauðsynleg Íslandi vegna stöðu þess í stóra samhenginu. Þjóðviljinn var enn á móti aðildinni og barðist enn gegn henni í skrifum sínum.

##### 5.4.1 Morgunblaðið 5. apríl og Þjóðviljinn 25. júní

Í Morgunblaðinu þann 5. apríl 1952 birtist útvarpsræða Bjarna Benediktssonar frá kvöldinu áður þegar þrjú ár voru liðin frá því að Ísland gekk í Atlantshafsbandalagið. Ræða Bjarna er eins konar áminning til landsmanna um hvers vegna erlent herlið sé á landinu. Í ræðunni eru raktar þær aðstæður sem sköpuðust í seinni heimsstyrjöldinni og þær lagðar til grundvallar því sem koma skyldi, ef svo kæmi til að þriðja heimstyrjöldin brytist út. Í ræðu sinni rifjar Bjarni upp heimsstyrjaldirnar og upphaflegu ástæðuna fyrir því að Atlantshafsbandalagið var stofnað. Hann minnst á að Íslendingar hafi ekki allir verið sammála um ákvörðunina en bendir þó á að meirihluti Alþingis hafi samþykkt tillöguna að inngöngu Íslands í bandalagið.

Bjarni tekur fram að sumum Íslendingum hafi fundist að „afskiptaleysi byggt á hlutleysisyfirlýsingunni frá 1918 væri bezta tryggingin fyrir öryggi landsins” (Bjarni Benediktsson 1952), og var sú skoðun meðal annars ríkjandi hjá Þjóðviljamönnum. En hann tekur svo fram að af fyrri heimsstyrjöldum að dæma, væri hlutleysisyfirlýsing Íslands ekki rétt ákvörðun. Bjarni minnir landsmenn á að ákvörðunin um inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið hafi verið byggð á þeirri staðreynd að landið væri best varið í slíku

bandalagi þar sem hér væri enginn her né aðrar bjargir sem landið þyrfti til að verjast ef til styrjaldar kæmi.

Undir lok ræðu sinnar segir Bjarni að „Alþingi og ríkisstjórn [hefðu] frekar kosið, að ástand heimsmálanna væri slíkt, að verjanlegt hefði verið að gera ekki þennan samning” („Ísland má ekki”, 1952). Hann viðurkennir í ræðu sinni að ákveðnir gallar fylgi því að hafa útlent herlið á Íslandi en tekur þó fram að vera herliðsins sé sjálfsögð vegna óaðri stöðu Íslands miðað við stærri þjóðir og vegna þess ástands sem væri í heiminum.

Í Þjóðviljanum þann 25. júní árið 1952 birtist ræða Halldórs Laxness sem hann hafði flutt þremur dögum áður á Jónsmessumóti sósíalista. Í ræðunni fer hann meðal annars yfir stöðu íslensku þjóðarinnar í heimssamhenginu og deilir á veru bandaríska varnarliðsins á landinu. Halldór telur að ekki sé hægt að kalla Ísland sjálfstætt lengur vegna veru herliðs Bandaríkjanna hér á landi og veru Íslands í árásarbandalagi, en hann segir: „... í dag erum vér alt fremur en sjálfstætt íslenskt lýðveldi. Vér erum umfram alt hluti af athafnasvæði erlends hers, ófullvalda ríki...” (Halldór Kiljan Laxness, 1952).

Halldór lýsir skoðun sinni á mikilvægi þess að Ísland sé friðarsinnuð þjóð sem eigi ekkert erindi í slíkt bandalag og að hernámið sé smán á þjóðinni. Hann segir jafnframt að hernám á saklausum þjóðum sé eitthvað sem aldrei hefur verið ásættanlegt og að það sé ónáttúrulegt. Hann talar mikið um þá stjórnámamenn sem samkvæmt honum bera ábyrgð á hernámi Íslands og kennir þeim um þá stöðu sem Ísland er í. Hann nefnir engin nöfn en kallar hina seku stjórnámamenn „öfugmælasmiði” sem „... þjást af ofheimsku eða brjálsemi...” (Halldór Kiljan Laxness, 1952). Hann tekur fram í ræðu sinni að Íslendingar séu ekki á móti þeim hermönnum sem hér séu, heldur eigi þeir einfaldlega ekkert skylt við eða sameiginlegt með Íslendingum og íslenskri menningu. Halldór segir að það sem Íslendingar séu mest á móti, sé sú staðreynd að hermennirnir séu á landinu í nafni stáls og morðs.

## 5.5 Árið 1953

Umræða blaðanna árið 1953 var ekki ósvipuð umræðunni sem fram fór árið áður. Alþingiskosningar voru haldnar á árinu og töldu Þjóðviljamenn að mögulega væri þá hægt að stöðva þróunina sem átti sér stað hvað varðar utanríkismál landsins. Morgunblaðið lagði hins vegar áherslu á mikilvægi aðildar Íslands að NATO og taldi hana enn nauðsynlega Íslendingum.

### 5.5.1 Þjóðviljinn 13. maí og Morgunblaðið 21. ágúst

Þann 28. júní 1953 voru haldnar Alþingiskosningar („Hræsni hernámsflokka”, 1953) og voru utanríkismál ofarlega í hugum Þjóðviljamanna í aðdraganda kosninganna. Þeir litu svo á að vinstrimenn gætu mögulega hægt á eða stöðvað þá þróun sem var í gangi í utanríkismálefnum þjóðarinnar ef þeir fengju meira fylgi en í kosningunum 1949. Þó fór svo að Sjálfstæðisflokkurinn sigraði Alþingiskosningarnar 1953 með 37.21% atkvæða, Framsóknarflokkurinn varð í öðru sæti með 21.86% og Sósíalístaflokkurinn í því þriðja með 16.03% („Andstaðan”, 1953).

Í Þjóðviljanum þann 13. maí, í mánuðinum fyrir Alþingiskosningar, er í leiðara deilt á þá stjórnámálamenn og flokka þeirra sem voru í fararbroddi í Atlantshafsbandalags- og varnarsamningsmálinu. Blaðamaðurinn tekur fyrir Sjálfstæðisflokkinn, Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn og segir að saga ferils flokkanna „... sýnir niður í slíkt hyldýpi blekkinga, spillingar og svika að hvern óspilltan mann hlýtur að óa við” („Hræsni hernámsflokka”, 1953). Sagt er um flokkana að þeir hafi svikið kjósendur sína vegna þess að þeir hafi lýst því yfir að þeir vildu ekki hafa her á Íslandi á friðartímum en svo hafi annað komið á daginn með gjörðum þeirra nokkru síðar.

Í leiðaranum er talað um Atlantshafsbandalagið sem árársarbandalag eins og svo oft áður hafði komið fram í Þjóðviljanum. Sagt er að þeir flokkar sem hafi staðið að baki inngöngu landsins í NATO og gerðar varnarsamningsins ætli að ganga enn lengra með „...

stofnun íslensks hers og afhending[u] hinnar óbeizluðu orku íslenskra vatnsfalla í hendur amerísks auðvalds” („Hræsni hernámsflokka”, 1953). Leiðarinn er í raun hvatning til sósíalista og annarra vinstrimanna að kjósa ekki andstæðingana. Hindrun hervæðingar og virkjunar íslenskra vatnsfalla eru í leiðaranum sagðar vera helstu ástæðurnar fyrir því að fólk eigi að kjósa sósíalista og þeirra flokk. Leiðarinn er í rauninni hreinn og beinn kosningaáróður og verið er að gera lítið úr „hernámsflokkunum” („Hræsni hernámsflokka”, 1953).

Í Morgunblaðinu þann 21. ágúst sama ár, tæplega tveimur mánuðum eftir Alþingiskosningarnar, er leiðari eftir Jón Þórðarson nokkurn þar sem hann byrjar á að setja út á viðbrögð Þjóðviljans við öðrum leiðara sem hann hafði skrifað tæpum mánuði áður. Í leiðaranum ræðir Jón um Keflavíkurflugvöll og eðli uppbyggingar hans en setur út á grein sem kommúnistar höfðu skrifað um galla flugvallarins. Jón talar vægast sagt illa um kommúnista og þeirra skoðanir en segir svo: „Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum í kommúnista, því það er eins og að ræða um liti við blinda menn. Það er staðreynd að við þurfum á hvernd að halda gegn flokksbræðrum þeirra í Austri” (Jón Þórðarson, 1953). Þrátt fyrir að segjast ekki ætla að tala meira um kommúnista, heldur Jón áfram að deila á gjörðir kommúnista. Hann segir svo að allir séu komnir með nóg af „... blindu hatri þeirra til Bandaríkjamanna...” (Jón Þórðarson, 1953).

Í lok leiðarans segist hann ætla að halda áfram að skrifa greinar sem tengjast Keflavíkurflugvelli svo að fólk sé ekki bara að lesa lygasögur um flugvöllinn frá Þjóðviljanum. Jón setur alltaf gæsalappir utan um orðið Þjóðviljinn í leiðara sinni sem má túlka sem ákveðna kaldhæðni í garð Þjóðviljans. Jón er ekki bara með sínar skoðanir á Keflavíkurflugvöllinum heldur er hann einnig með sterkar skoðanir á því hvað andstæðingnum finnst um flugvöllinn. Því má álíta að leiðarinn sé skrifaður sem einskonar áróður á skoðanir Þjóðviljamanna sem andstæðing í utanríkismáladeilum landsins.

## 5.6 Árið 1954

Árið 1954 minnst bæði blöðin atburða sem átt höfðu sér stað á liðnum árum.

Þjóðviljinn rifjar upp gerð varnarsamningsins og telur Bandaríkin hafa misnotað sér stöðu Íslands. Morgunblaðið dregur hins vegar yfirlýsingar Þjóðviljans í efa í leiðara í blaðinu.

### 5.6.1 Morgunblaðið 13. apríl og Þjóðviljinn 5. maí

Þann 13. apríl 1954 er í Morgunblaðinu leiðari þar sem tildrög stofnunar Atlantshafsbandalagsins eru rifjuð upp. Þess er minnst hvernig kommúnistar mótmæltu aðildinni af krafti fyrst um sinn og yfirlýsinga á andstyggð þeirra á hernaði og vopnaburði þeim sem fylgdi aðildinni að bandalaginu. Morgunblaðið segir að Þjóðviljinn hafi tönnlast á friðaryfirlýsingum sínum og vopnahatri síðan þá. Friðaryfirlýsingar Þjóðviljans eru dregnar í efa í skrifum Morgunblaðsins („Hvílíkur friðarandi”, 1954) og er vitnað í eldri fréttir Verkalýðsblaðsins og Þjóðviljans, þar sem kommúnistar virðast ekki jafn mótfallnir vopnum og þeir segjast vera síðar meir. Í fréttunum sem vitnað er í, virðast kommúnistar ekki alltaf vera andsnúnir vopnaburði, andstætt fréttum sem skrifaðar voru eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins. Í Þjóðviljanum er oft talað um Atlantshafsbandalagið sem „hernaðarbandalag” eða „árásarbandalag” og telja Þjóðviljamenn sig tala fyrir friði, en með þessum leiðara dregur Morgunblaðið ásetning Þjóðviljamanna í efa.

Í Þjóðviljanum þann 5. maí sama ár er leiðari þar sem undirritunar „landráðasamningsins” þremur árum áður er minnst. Fullyrt er að „... verulegur hluti Alþingismanna var bókstaflega gabbður og blekktur til þess að samþykkja hernámið” („Þrjú ár”, 1954). Í leiðaranum er því í rauninni verið að skella skuldinni alfarið á Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra hér á landi. Þjóðviljinn vill meina að hernámið hafi verið hvatvís, einhliða ákvörðun og er sagt að því að því hafi verið „velt yfir þjóðina með lygum og blekkingum bandarískra ráðamanna og íslenzkra skósveina þeirra” („Þrjú ár”, 1954).

Þjóðviljinn segir frá hernáminu í leiðaranum líkt og Bandaríkjamenn hafi hægt og rólega verið að leggja undir sig allt Ísland. Leiðarahöfundur segir að hernámið hafi haft slæm áhrif á atvinnulíf og atvinnumöguleika Íslendinga auk þess sem því hafi fylgt „spilling og siðleysi, skipulagður skækjulífnaður, morð og morðtilraunir” („Þrjú ár”, 1954). Samkvæmt Þjóðviljamönnum hefur hernámið mjög neikvæð áhrif á landið og landsmenn og óska þeir sér þess að hernáminu verði aflétt eins fljótt og hægt er.

## 5.7 Árið 1955

Árið 1955 var minna um umfjöllun um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu í dagblöðunum en áður. Þó er leiðari í Þjóðviljanum þar sem atburðirnir eru rifjaðir upp og er gefið í skyn að síðan þá hafi allt farið niður á við. Morgunblaðið leggur áherslu á mikilvægi aðildarinnar og nauðsyn hennar fyrir Ísland þar sem landið gæti ekki varið sig sjálft ef til átaka kæmi.

### 5.7.1 Þjóðviljinn 30. mars og Morgunblaðið 7. nóvember

Atburðirnir sem áttu sér stað þann 30. mars 1949 eru rifjaðir upp í Þjóðviljanum sex árum síðar, þann 30. mars 1955. Í leiðaranum er þess minnst þegar Ísland varð aðili að Atlantshafsbandalaginu og er vísað til bandalagsins sem hernaðarbandalags. Talað er um að landið hafi verið hernumið árið 1949 og að Bandaríkjamenn hafi síðan þá haft helstu valdamenn Íslands í vasa sér. Gefið er í skyn í leiðara blaðsins að hagkerfi Íslands sé einungis bundið við erindi hersins, og að ráðamönnum landsins sé slétt sama um hagsmuni og velferð landsmanna.

Sagt er að valdamenn landsins séu að grafa undan verkalýðsfélögunum og að þeir njóti stuðnings hernámsliðsins í þeim efnum. Í leiðaranum segir um svokallaða valdaklíku landsins, að „áhugamál þeirra [sé] að heyja stríð við verkalýðssamtökin, reyna að lama þau og brjóta á bak aftur” („30. marz”, 1955). Öll þau samfélagsmál sem Þjóðviljamönnum þykja



hafa farið miður á undanförunum sex árum, eru rakin til aðildar að Atlantshafsbandalaginu. Í leiðaranum er einnig er talað um hin eftirminnilegu mótmæli sem áttu sér stað sama dag, þar sem alþýðan var beitt ofbeldi. Mótmælanna er minnst sem myrks atburðar þar sem Þjóðviljamenn telja þó að styrkur samstöðu alþýðunnar hafi komið í ljós. Í leiðaranum er baráttu alþýðunnar gegn valdamönnum árið 1949 líkt við yfirstandandi verkfallsbaráttu árið 1955.

Þann 7. nóvember er í Morgunblaðinu leiðari um afstöðu ungra sjálfstæðismanna til öryggismála landsins og sagt frá umræðu um utanríkis- og varnarmál landsins sem fór fram á þingi þeirra. Vitnað er í tillögu þar sem ungir sjálfstæðismenn fullyrða að mikilvægt sé fyrir landið að halda áfram samstarfi við önnur lönd í þágu frelsis og öryggis landsins. Sú fullyrðing er endurtekin síðar í leiðaranum og segir þá að „sjálfstæði Íslands verði því aðeins tryggt að þjóðin haldi áfram samstarfi sínu við hinar vestrænu lýðræðisþjóðir og taki þátt í Atlantshafsbandalaginu og öðrum samtökum frjálsra þjóða” („Íslenzk öryggisþjónusta”, 1955). Einnig kemur fram að öryggismál þjóðarinnar séu að stórum hluta fólgin í samstarfi við aðrar þjóðir og hernaðarlegum vörnum þess.

Ungir sjálfstæðismenn ræddu einnig um leiðir sem hægt væri að fara til að komast hjá því að hafa hér erlendan her. Þeir stinga upp á því að Íslendingar sjái um umsýslu hervarna landsins á friðartímum en geti svo fengið hjálp ef ástandið færi versnandi. Erfitt er að segja hvað skilgreint var sem „friðartímar” á þessu árum, en ungir sjálfstæðismenn taka það fram að rekja mætti stofnun Atlantshafsbandalagsins til útbenslustefnu Rússa og ógnunina vegna hennar við önnur lönd („Íslenzk öryggisþjónusta”, 1955).

## 5.8 Samantekt á umfjöllun blaðanna

Ólíkar skoðanir voru uppi í samfélaginu um utanríkismál landsins á árunum 1949-1955. Fólki var ekki sammála um tilgang aðildar landsins að bandalaginu, og skiptist fólki í

fylkingar eftir skoðunum sínum á málinu. Við greiningu á efni blaðanna lítur oftast en ekki út fyrir að blöðin hafi verið í algjöru stríði við hvort annað. Flokkshollustan skín í gegnum umfjöllun blaðanna af utanríkismálum og virðist skipta þau miklu máli að tala fyrir hagsmunum síns flokks í þeim efnum.

Bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn héldu uppi áróðri á kostnað andstæðingsins og töluðu gjarnan illa um þá einstaklinga sem tengdust blaði andstæðra stjórn málafla. Menn voru jú meðvitaðir um áróður blaðanna, en Halldór Laxness segir í lok einnar ræðu sinnar sem birtist í Þjóðviljanum árið 1949 að „aldrei í sögu heimsins hefur stríðsáróður verið óvinsælli en á vorum dögum”. Orð Halldórs gefa til kynna, líkt og sjá má í flestum öðrum fréttum og leiðurum blaðanna sem varða utanríkismál þessa tíma, að blöðin saka hvort annað og stuðningsmenn þeirra um áróður. Áróðurinn er ekki meiri í öðru blaðinu frekar en hinu og er áróðurinn sem endurspeglast í skrifum blaðanna einfaldlega tilkominn vegna hollustu þeirra við stjórn mála flokkanna.

Blöðin beittu sér mjög fyrir skoðunum sínum á utanríkismálum og reyndu af mikilli ákefð að ná til landsmanna með skrifum sínum. Þó skrifuðu blöðin ekki einungis um þau mál er þeim þótti mikilvæg, heldur gagnrýndu þau ósjaldan hvort annað og stóðu á bakvið skoðanir stjórn mála flokka sinna. Þar sem Þjóðviljinn var helsta mál gagn sósíalista út á við á þessum tíma skrifuðu blaðamennirnir fréttir þar sem var beinlínis talað gegn aðildinni. Í fréttum blaðsins voru oft ummæli sem var beinlínis beint gegn stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins og blaðamönnum Morgunblaðsins. Einnig voru allir aðrir stuðningsmenn aðildarinnar harðlega gagnrýndir og reyndi blaðið í skrifum sínum að færa rök fyrir því hvers vegna þær staðhæfingar sem kæmu fram í Þjóðviljanum væru réttar.

Morgunblaðið var blað Sjálfstæðismanna á þessum tíma, og var það því helsta mál gang frjálslyndra og hægri manna í baráttunni fyrir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið. Þegar ekki var víst hvort landið myndi ganga í bandalagið voru

margar fréttir og leiðarar blaðsins tengd aðildinni og þar sem blöðin voru hlutdræg í frásögnum sínum stóð Morgunblaðið ávallt með aðild landsins að Atlantshafsbandalaginu.

Í aðdraganda samþykkisins á Alþingi spöruðu beittustu pennar blaðanna ekki orðfimi sína og hvöss orð í garð andstæðingsins. Árið 1949, á mánuðunum þremur fyrir samþykktina, voru fréttir er vörðuðu aðild að Atlantshafsbandalaginu gífurlega margar. Í aðdraganda aðildarinnar voru blöðin undirlögð fréttum og leiðurum um málið og fer ekki á milli mála fyrir hvaða málstað blöðin tvö stóðu.

Forvígismenn andstæðinga Atlantshafsbandalagsins tala fyrir þeirri stríðsógn sem myndi fylgja aðild að bandalaginu. Af hinum fjölmörgu fréttum og leiðurum Morgunblaðsins er birtust á svipuðum tíma má hins vegar sjá að stuðningsmenn aðildarinnar tala einungis fyrir þeim friði og öryggi er fylgja myndi aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu var virkilega umdeild vegna þess að um var að ræða gríðarlega stóra og mikilvæga ákvörðun er varðaði alla landsmenn. Það sem blaðamenn Þjóðviljans töluðu einna mest fyrir í skrifum sínum var hve rangt hafi verið að landsmenn hafi ekki fengið að kjósa í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildina að Atlantshafsbandalaginu. Óánægja sósíalista var mikil á þessum tíma, en Morgunblaðsmenn tjáðu sig ekkert um að ekki hafi verið haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um málið.

## 6 Niðurstöður og umræða

Niðurstaða ritgerðarinnar er sú að frásagnir blaðanna eru hlutdrægar og sést á umfjöllun þeirra að þau eru hliðholl ákveðnum stjórnmalastefnum. Við greiningu á efni blaðanna fer ekki á milli mála að það eru skýr tengsl milli eignarhalds blaðanna og umsvifa eigenda í stjórnmalum. Frásagnarmáti og innihald blaðanna litaðist mjög af stjórnmalauræðu líðandi stundar, en Morgunblaðið og Þjóðviljinn voru á algerlega andstæðum pólum hvað stjórnmal varðar. Blöðin tala af eldmóði um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu en þau greinir mjög á um hvers vegna Ísland ætti eða ætti ekki að ganga í bandalagið. Þjóðviljinn var mun minna blað en Morgunblaðið og var gjarnan hvassara í frásögnum sínum og umræðu um aðildina að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamninginn.

Bæði blöðin nota mjög ýkt orðalag, sem dæmi má nefna brot af ræðu Halldórs Laxness sem birtist í Þjóðviljanum 29. mars árið 1949. Í ræðunni segir hann að „engin ákvörðun stjórnmalamanna á Íslandi hafi nokkurn tíman vakið annan eins kvíða, óhug og óvinsældir hjá þjóð vorri eins og sú hótun þeirra að gera landið með einum pennadrætti að þátttakanda í hernaðarbandalagi”. Þrátt fyrir hvöss orð í garð hvors annars telja bæði Morgunblaðið og Þjóðviljinn sig vera að tala fyrir friði og öryggi, og í þágu landsmanna. Með umfjöllun sinni um málin færa blöðin rök fyrir málstað sínum og áherslum, en sjónarmið þeirra eru gjörólík.

Á tímum flokksblaðamennsku voru dagblöðin notuð sem málöggn flokkanna og greindu blöðin því ekki frá mikilvægum atburðum á hlutlægan hátt. Þau málefni og atburðir sem tekin eru fyrir í ritgerðinni voru hitamál í stjórnmalum þess tíma og greindu blöðin frá ýmsum atburðum á mjög ólíkan hátt. Blöðin færa ekki aðeins rök fyrir máli sínu heldur færa þau bæði einnig rök fyrir því hvers vegna skoðanir andstæðingsins sé röng og hvaða lestir séu á þeim. Sjaldan má finna fréttir og leiðara í blöðunum þar sem ekki var sett út á

andstæðinginn á einhvern hátt og voru blöðin stöðugt að bera sinn málstað saman við málstað andstæðingsins.

Þar sem Morgunblaðið er enn starfandi fjölmiðill hefði verið áhugavert að skoða hvort, og þá hvernig, blaðamennska þess hefur breyst síðan á árunum 1949-1955. Einnig hefði verið betra ef lengra tímabil hefði verið skoðað svo hægt væri að sjá hvernig blaðamennskan þróaðist á seinni hluta 20. aldarinnar. Misræmi var á fjölda fréttu milli ára, en til að hafa greininguna sem marktækasta hefði verið ákjósanlegra að skoða fleiri fréttir, frá fleiri árum. Auk þess varð að takmarka fréttu- og árafjölda til að halda umfangi verkefnisins innan viðráðanlegra marka.

Athyglisvert gæti verið að skoða stöðu blaðsins nú á dögum til hliðsjónar við stöðu þess á árunum sem eru til skoðunar í ritgerðinni. Þá væri hægt að skoða hvort Morgunblaðið sé laust við áhrif flokkspólítíkur eða hvort umfjöllun blaðsins hafi ekki breyst í þeim efnum. Einnig hefði verið áhugavert að skoða umfjöllun Morgunblaðsins og Þjóðviljans yfir lengra tímabil, jafnvel út tuttugustu öldina, og greina hvernig umfjöllun íslenskra dagblaða um utanríkismál hefur þróast í gegnum árin.

## Heimildaskrá

30. marz. (1955, 30. mars). *Þjóðviljinn*, bls. 6. Sótt 19. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=215227&pageId=2770405&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=215227&pageId=2770405&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Andstaðan gegn hernáminu sundraðist, þótt hernámsflokkarnir töpuðu allir fylgi. (1953, 30. júní). *Þjóðviljinn*, bls. 1. Sótt 12. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214693&pageId=2763944&lang=is&q=Sj%E1lfst%E6%F0isflokkur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214693&pageId=2763944&lang=is&q=Sj%E1lfst%E6%F0isflokkur)
- Atlantshafsbandalagi fagnað í öllum lýðfrjálsum löndum. (1949, 20. mars). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 28. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107794&pageId=1271415&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107794&pageId=1271415&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- A-Sáttmálinn undirritaður. (1949, 5. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 29. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107807&pageId=1271623&lang=is&q=5%20apr%E1%201949](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107807&pageId=1271623&lang=is&q=5%20apr%E1%201949)
- Árás kommúnista vekur þjóðarreiði. (1949, 1. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 29. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107807&pageId=1271623&lang=is&q=5%20apr%E1%201949](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107807&pageId=1271623&lang=is&q=5%20apr%E1%201949)
- Árásarbandalag Bandaríkjaauðvaldsins og lepprikja þess formlega stofnað í Washington: hinn íslenski Laval, Bjarni Benediktsson, ber upplognar sakir á Íslendinga til að vekja á sér meðaumkvun bandarísku húsbændanna og egna þá til íhlutunar um innanlandsmál Íslands. (1949, 5. apríl). *Þjóðviljinn*, bls. 1 og 7. Sótt 7. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213419&pageId=2753248&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213419&pageId=2753248&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Árni Bergmann. (1986). *Blaðið okkar: Þættir um sögu Þjóðviljans*. Reykjavík: Prentsmiðja Árna Valdimarssonar.
- Birgir Guðmundsson. (2003). Ímynd blaðamannastéttarinnar. *Blaðamaðurinn*, 25(1), 3.
- Birgir Guðmundsson. (2010). Frá flokksmiðlum til Fésbókar: Boðskipti stjórnmalabaráttunnar fyrir sveitarstjórnakosningar 2010. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.), *Þjóðarspegillinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI. Stjórnmalafraeðideild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 10-21). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 2. maí 2017 af [http://skemman.is/stream/get/1946/6783/18494/1/10-21\\_BirgirGuðmundsson\\_STJbok.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/6783/18494/1/10-21_BirgirGuðmundsson_STJbok.pdf)
- Bjarni Benediktsson. (1949, 29. september). Málstaður Íslands eða hins alþjóðlega kommúnisma. *Morgunblaðið*, bls. 9. Sótt 28. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107949&pageId=1273731&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107949&pageId=1273731&lang=is&q=herna%F0arbandalag)

Bjarni Benediktsson. (1952, 5. apríl). Ísland má ekki verða hinn veiki hlekkur í varnarkeðju friðar og frelsis: Varnarsamtök frjálsra þjóða öflugasta stoð heimsfriðarins. *Morgunblaðið*, bls. 1-2. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108726&pageId=1284480&lang=is&q=varnarli%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108726&pageId=1284480&lang=is&q=varnarli%F0)

Fjölmennasti útifundur sem haldinn hefur verið á Íslandi: Ógleymanlegur einhugur reykvískrar alþýðu um frelsi og sjálfstæði ættjarðarinnar. (1951, 17. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 1. Sótt 10. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214181&pageId=2759356&lang=is&q=varnarli%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214181&pageId=2759356&lang=is&q=varnarli%F0)

Friðarvon mannkynsins hvílir á samtökum lýðræðisþjóðanna. (1949, 29. mars). *Morgunblaðið*, bls. 2. Sótt 28. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107801&pageId=1271524&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107801&pageId=1271524&lang=is&q=herna%F0arbandalag)

Halldór Kiljan Laxness. (1949, 29. mars). Málstaður Íslendinga. *Þjóðviljinn*, bls. 5. Sótt 6. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213413&pageId=2753204&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213413&pageId=2753204&lang=is&q=herna%F0arbandalag)

Halldór Kiljan Laxness. (1952, 25. júní). Vér Íslendingar - og trúin á stálið. *Þjóðviljinn*, bls. 5-6. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214385&pageId=2761012&lang=is&q=varnarli%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214385&pageId=2761012&lang=is&q=varnarli%F0)

Hannes H. Gissurarson. (1989). *Fjölmíðlar nútímans*. Reykjavík: Stofnun Jóns Þorlákssonar.

Harcup, T. (2009). *Journalism: principle and practice*. (2. útg.). London: SAGE Publications.

Hernaðarbandalag kommúnista. (1950, 1. ágúst). *Morgunblaðið*, bls. 6. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108209&pageId=1277456&lang=is&q=varnarbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108209&pageId=1277456&lang=is&q=varnarbandalag)

Hernámið er grímulaus framkvæmd kröfunnar frá 1945 um herstöðvar á Íslandi í 99 ár: Þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins fella tillögu um að Bandaríkin megi ekki hefja árársstyrjöld né gera kjarnorkuárásir á Íslandi. (1951, 12. desember). *Þjóðviljinn*, bls. 3. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214228&pageId=2759733&lang=is&q=Hern%E1mi%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214228&pageId=2759733&lang=is&q=Hern%E1mi%F0)

Hernámið er níðingsleg árás Bandaríkjana á íslenzku þjóðina. (1951, 8. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 1. Sótt 8. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214048&pageId=2758295&lang=is&q=her%20her%20her](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214048&pageId=2758295&lang=is&q=her%20her%20her)

Hræsni hernámsflokka. (1953, 13. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 6. Sótt 12. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214655&pageId=2763493&lang=is&q=%E1r%E1sarbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214655&pageId=2763493&lang=is&q=%E1r%E1sarbandalag)

- Hvílíkur friðarandi. (1954, 13. apríl). *Morgunblaðið*, bls. 8. Sótt 13. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=109344&pageId=1293818&lang=is&q=Atlantshafsbandalagi%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=109344&pageId=1293818&lang=is&q=Atlantshafsbandalagi%F0)
- Ísland verði stofnaðili lýðræðisþjóðanna. (1949, 29. mars). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 25. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107801&pageId=1271523&lang=is&q=stofna%F0ili](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107801&pageId=1271523&lang=is&q=stofna%F0ili)
- Íslendingar friðarþjóð. (1950, 19. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 4. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213754&pageId=2755991&lang=is&q=%E1r%E1sarbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213754&pageId=2755991&lang=is&q=%E1r%E1sarbandalag)
- Íslensk öryggisþjónusta. (1955, 7. nóvember). *Morgunblaðið*, bls. 8. Sótt 20. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=109852&pageId=1301886&lang=is&q=varnarli%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=109852&pageId=1301886&lang=is&q=varnarli%F0)
- Jón Þórðarson. (1953, 21. ágúst). Keflavíkurbref: Kommar í faðmlögum við Nazista - Er illa við ef fólki vegnar vel - Verkamenn ánægðir með aðbúð og starfshætti. *Morgunblaðið*, bls. 7. Sótt 12. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=109135&pageId=1290521&lang=is&q=hvernd](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=109135&pageId=1290521&lang=is&q=hvernd)
- Kommafundur í gærkvöldi, fámennur og daufur. (1951, 17. maí). *Morgunblaðið*, bls. 12. Sótt 10. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108450&pageId=1280762&lang=is&q=varnarli%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108450&pageId=1280762&lang=is&q=varnarli%F0)
- Landráð og hernám. (1951, 8. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 4. Sótt 20. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214048&pageId=2758295&lang=is&q=her%20her%20her](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214048&pageId=2758295&lang=is&q=her%20her%20her)
- Landráðin framin í skjóli ofbeldis og villimannlegra árása á friðsama alþýðu: 8-10 þúsund Reykvikingar mótmæla fyrir framan Alþingishúsið og kröfðust þjóðaratkvæðis. - Svör ríkisstjórnarinnar voru gasárásir og kylfuárásir lögreglu og vitstola hvítliðaskríls. (1949, 31. mars). *Þjóðviljinn*, bls. 1. Sótt 29. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213415&pageId=2753223&lang=is&q=landr%E1%F0in](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213415&pageId=2753223&lang=is&q=landr%E1%F0in)
- Lygajórtur Þjóðviljans heldur áfram. (1949, 29. september). *Morgunblaðið*, bls. 9. Sótt 28. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107949&pageId=1273731&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107949&pageId=1273731&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Magnús Kjartansson (ritstj.). (1979). *Elds er þörf: Ræður og greinar frá 1947 til 1979*. Reykjavík: Mál og menning.
- M. T. Ó. (1949, 20. mars). Atlanzhafssáttmálinn og sáttmáli S Þ. *Þjóðviljinn*, bls. 6. Sótt 6. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213406&pageId=2753149&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213406&pageId=2753149&lang=is&q=herna%F0arbandalag)



- Ofbeldishótanir kommúnista í framkvæmd: Trylltur skráll ræðst á Alþingi. (1949, 31. mars). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 29. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107803&pageId=1271561&lang=is&q=skr%EDII](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107803&pageId=1271561&lang=is&q=skr%EDII)
- Petersson, L og Pettersson, Á. (2000). *Fjölmíðlafræði* (Adolf Petersen þýddi og staðfærði). Reykjavík: Mál og menning.
- Ríkisstjórnin, Ólafur Thors, lögreglustjórinn og Heimdallarskrállinn eiga alla sök á óeirðunum á miðvikudaginn: Þingmenn sósíalístaflókksins lýsa sök á hendur landsölulíðsins sem egndi margvíslega til átaka. (1949, 1. apríl). *Þjóðvíginn*, bls. 1. Sótt 29. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213416&pageId=2753231&lang=is&q=%D3lafur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213416&pageId=2753231&lang=is&q=%D3lafur)
- RÚV: Stefna 2012-2016. (2012). *RÚV*. Sótt 14. apríl 2017 af [http://www.ruv.is/sites/default/files/stefna\\_ruv\\_2012\\_web.pdf](http://www.ruv.is/sites/default/files/stefna_ruv_2012_web.pdf)
- Steinn Stefánsson. (1949, 27. október). Kvíkmynd Kjartans Ó. Bjarnasonar frá atburðunum á Austurvelli 30 marz. *Þjóðvíginn*, bls. 3. Sótt 7. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213583&pageId=2754574&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213583&pageId=2754574&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Telur samþykkt Alþingis um inngöngu í Atlanzhafsbandalagið markleysu - krefst þess að ríkisstjórnin segi af sér. (1949, 5. apríl). *Þjóðvíginn*, bls. 6. Sótt 7. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=213419&pageId=2753248&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=213419&pageId=2753248&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Ummæli stórblaða í Evrópu um sáttmálann. (1949, 20. mars). *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt 28. mars 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=107794&pageId=1271415&lang=is&q=herna%F0arbandalag](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=107794&pageId=1271415&lang=is&q=herna%F0arbandalag)
- Varnarleysið býður hættunni heim. (1951, 11. desember). *Morgunblaðið*, bls. 2. Sótt 10. apríl af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108626&pageId=1283100&lang=is&q=varnarsamningur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108626&pageId=1283100&lang=is&q=varnarsamningur)
- Varnarlið í Keflavík. (1951, 8. maí). *Morgunblaðið*, bls. 2. Sótt 8. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108444&pageId=1280667&lang=is&q=samningur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108444&pageId=1280667&lang=is&q=samningur)
- Varnir Íslands. (1951, 8. maí). *Morgunblaðið*, bls. 8. Sótt 8. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=108444&pageId=1280667&lang=is&q=samningur](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=108444&pageId=1280667&lang=is&q=samningur)
- Versta verk sem unnið hefur verið á Alþingi: Þingmenn Sjálfstæðisflókksins, Framsóknar og Alþýðuflokksins samþykkja hernámssamningana. (1951, 12. desember). *Þjóðvíginn*, bls. 1. Sótt 11. apríl 2017 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214228&pageId=2759728&lang=is&q=versta](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214228&pageId=2759728&lang=is&q=versta)

Þrjú ár. (1954, 5. maí). *Þjóðviljinn*, bls. 6. Sótt 13. apríl 2017 af  
[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=214952&pageId=2767077&lang=is&q=Atlantshafsbandalagi%F0](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=214952&pageId=2767077&lang=is&q=Atlantshafsbandalagi%F0)